

# **Grunnskólar Reykjavíkur**

## **Rýmisathugun 2002**



**Október 2002**

**Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og  
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur**

**ARKÍS ehf**



# **Grunnskólar Reykjavíkur**

## **Rýmisathugun 2002**

**Október 2002**

**Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og  
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur**

**Arkís ehf**

Útgefandi:  
Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og  
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, að tilstuðlan  
Samráðsnefndar um skólabyggingar

Ritsjórn og hönnun:  
Arkís ehf., Egill Guðmundsson

Mynd á forsiðu: Engjaskóli, ljósmynd Mats Wibe Lund

# Grunnskólar Reykjavíkur

## Rýmisathugun 2002

### Yfirlit yfir helstu niðurstöður hvers skóla

#### Borgarhluti 1

##### Miðborgarhverfi

###### **Austurbæjarskóli**

Húsnæði Austurbæjarskóla er þröngt í dag og of lítið til framtíðar, aðallega vegna þéttingar byggðar. Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 300 m<sup>2</sup> og 4-5 lausar stofur tímabundið. Athuga þarf framtíðar húsnæðismál skólans sérstaklega.

##### Vesturbæjarhverfi

###### **Grandaskóli**

Húsnæði Grandaskóla fullnægir húsrýmisþörf í dag og miðað við framtíðar nemendaspá. Athuga þarf húsnæði skóladagvistar til bráðabirgða.

###### **Hagaskóli**

Húsnæði Hagaskóla er viðunandi miðað við húsrýmisþörf hans í dag. Húsnæði verður of lítið miðað við framtíðarnemendaspá hans. Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 850 m<sup>2</sup>.

###### **Melaskóli**

Nýbygging við Melaskóla og fyrirhugaðar innri breytingar fullnægja núverandi húsnæðisþörf. Núverandi húsnæði mun ekki fullnægja rýmisþörf miðað við framtíðarnemendafjölda. Gera þarf ráð fyrir um 400 m<sup>2</sup> viðbótarrýmisþörf og 3-4 lausum stofur til bráðabirgða. Kanna þarf byggingu nýs skóla í Skerjafirði.

###### **Vesturbæjarskóli**

Húsnæði skólans er viðunandi í dag, en þarfnast nánari skoðunar til framtíðar miðað við framtíðar nemendaspá. Gera má ráð fyrir um 200 m<sup>2</sup> viðbótarrýmisþörf og 2-3 lausum stofum til bráðabirgða. Ekki er gert ráð fyrir nemendum í skólann af fyrirhuguðu íbúðahverfi á nýrri landfyllingu.

#### Borgarhluti 2

##### Laugardalshverfi

###### **Álftamýrarskóli**

Ný viðbygging við Álftamýrarskóla ásamt innri breytingum mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá.

### **Háteigsskóli**

Húsnæði Háteigsskóla er fullnægjandi í dag. Þétting byggðar gerir ráð fyrir fjölgun nemenda. Lagt er til að aukin húsnæðisþörf verði leyst með 3-4 lausum stofum til bráðabirgða. Áætluð framtíðarrýmisþörf er um 300 m<sup>2</sup>.

### **Langholtsskóli**

Húsnæði Langholtsskóla þarfnast stækkunar. Samkeppnistillaga, um 400 m<sup>2</sup> að stærð ásamt innri breytingum, mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá.

### **Laugalækjarskóli**

Húsnæði Laugalækjarskóla þarfnast stækkunar. Sjöundi bekkur hefur bæst við úr Laugarnesskóla. Samkeppnistillaga, um 750 m<sup>2</sup> að stærð og húsnæði Fósturskólans ásamt innri breytingum, mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá.

### **Laugarnesskóli**

Húsnæði Laugarnesskóla þarfnast stækkunar. Fyrir liggur úttekt, húsrýmisáætlun og tillaga að 950 m<sup>2</sup> viðbyggingu og innri breytingum, sem mun leysa húsnæðisþörfina miðað við framtíðar nemendaspá.

### **Vogaskóli**

Húsnæði Vogaskóla þarfnast stækkunar. Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 1.250 m<sup>2</sup> miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá. Gert er ráð fyrir að Vogaskóli flytji í hluta af húsnæði MS þegar hann flytur í nýtt húsnæði.

### **Kringluhverfi**

#### **Breiðagerðisskóli**

Húsnæði Breiðagerðisskóla þarfnast stækkunar. Áætluð viðbótarrýmisþörf skólans er um 900 m<sup>2</sup> auk innri breytinga miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Fossvogsskóli**

Ný viðbygging Fossvogsskóla ásamt innri breytingum mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá.

#### **Hlíðaskóli**

Ný viðbygging um 1948 m<sup>2</sup> að stærð leysir húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá. Húsnæði Vesturhlíðarskóla verður í Hlíðaskóla.

#### **Hvassaleitisskóli**

Ný viðbygging við Hvassaleitisskóla ásamt innri breytingum mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá.

### **Réttarholtsskóli**

Auka þarf við húsnæði Réttarholtsskóla. Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 250 m<sup>2</sup> auk innri breytinga miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá. Hægt er að leysa rýmisþörfina í núverandi húsnæði.

## **Borgarhluti 3**

### **Breiðholtshverfi**

#### **Breiðholtsskóli**

Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni að til framtíðar. Nemendum hefur fjölgað mjög og er líklegt að svo verði áfram. Gert er ráð fyrir um 800 m<sup>2</sup> viðbótarrýmisþörf auk innri breytinga miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Fellaskóli**

Viðbygging við Fellaskóla og innri breytingar fullnægja rýmisþörfinni miðað við miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Hólabrekkuskóli**

Verið er að ljúka viðbyggingu við Hólabrekkuskóla. Hún mun fullnægja rýmisþörf skólans ásamt innri breytingum á núverandi húsnæði miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Seljaskóli**

Húsnæði Seljaskólakólans fullnægir ekki framtíðarrýmisþörf að fullu. Fyrir liggur rýmisúttekt sem gerir ráð fyrir 650 m<sup>2</sup> viðbyggingu og innri breytingum miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Ölduselsskóli**

Húsnæði skólans fullnægir ekki framtíðarrýmisþörf að fullu í dag. Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 500 m<sup>2</sup> miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

### **Árbæjarhverfi**

#### **Árbæjarskóli**

Húsnæðisþörf skólans verður fullnægjandi, miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá, að lokinni viðbyggingu og innri breytingum. Athuga þarf rými fyrir skóladagvist til bráðabirgða.

#### **Ártúnsskóli**

Lokið er viðbygging og innri breytingum við Ártúnsskóla. Húsnæði skólans verður mjög rúmt til framtíðar miðað við áætlaða fækkun nemenda samkvæmt áætlaðri framtíðar nemendaspá.

#### **Ingunnarskóli**

Ingunnarskóli er yngsti grunnskóli borgarinnar. Kennt er í lausum stofum.

### **Selásskóli**

Verið er að ljúka viðbyggingu við Selásskóla og fyrirhugað er að gera breytingar á núverandi húsnæði. Að þeim loknum verður húsnæðisþörfin fullnægjandi miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

## **Borgarhluti 4**

### **Grafarvogshverfi**

#### **Borgarskóli**

Nýbygging fullnægir húsarýmispörfinni í dag og mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá. Til bráðabirgða þarf að bæta 3-4 lausum kennslustofum við skólann. Fámennt verður í skólanum til framtíðar.

#### **Engjaskóli**

Húsnæði skólans fullnægir tæplega húsnæðisþörfinni í dag. Leysa þarf tímabundna rýmisþörf með lausum stofum. Húsnæðið verður fullnægjandi til framtíðar með innri breytingum miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Foldaskóli**

Verið er að ljúka viðbyggingu og innri breytingum við skólann, sem munu fullnægja rýmisþörf Foldaskóla miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Hamraskóli**

Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni að fullu til framtíðar. Starfshópur vinnur að áætlun um framtíðarstærð skólans. Óinnréttað húsnæði í kjallara mun nýtast til frambúðar. Bryggjuhverfi hefur byggst upp á lengri tíma en reiknað var með og fáir nemendur hafa komið þaðan. Byggingu þess er ekki lokið. Athuga þarf sérstaklega áhrif Bryggjuhvefis á endanlega stærð Hamraskóla.

#### **Húsaskóli**

Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörf skólans í dag. Leysa þarf tímabundna rýmisþörf með lausum stofum. Húsnæðið verður fullnægjandi til framtíðar með innri breytingum miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

#### **Korpuskóli ( nýr skóli í Staðahverfi )**

Skólinn er í bráðabirgðarhúsnæði sem grunnskóli fyrir Staðahverfi. Verið er að vinna að hugmyndum um nýjan grunnskóla og leikskóla í Staðahverfi. Stærð skólans liggur ekki fyrir.

#### **Rimaskóli**

Skólinn er fullbyggður og mun alls ekki fullnægja rýmisþörf til framtíðar að óbreyttu. Fyrirhuguð er mikil þétting byggðar á lóð Gufunesradíó. Byggður verður nýr smábarnaskóli á lóð Gufunesradíó í tengslum við Rimaskóla. Rimaskóli mun þá fullnægja rýmisþörfinni í núverandi stærð miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

### **Víkurskóli**

Unnið er að lokafrágangi skólans og mun hann fullnægja húsnæðisþörf hverfisins til framtíðar miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá. Fámennt verður í skólanum til framtíðar.

### **Kjalarneshverfi**

#### **Klébergsskóli**

Viðbyggingin auk breyting á núverandi húsnæði mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við um 200 nemenda grunnskóla til framtíðar miðað við áætlaða framtíðar nemendaspá.

# Grunnskólar Reykjavíkur

## Rýmisathugun 2002

Október 2002

Efnisyfirlit:

Heiti kafla:	blaðsíða
<b>0 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>0.1 Inntak skýrslu</b>	<b>1</b>
<b>0.2 Markmið skýrslu</b>	<b>1</b>
<b>0.3 Vinnuferlið</b>	<b>2</b>
<b>0.4 Forsendur</b>	<b>2</b>
<b>0.5 Mannfjöldapróun í Reykjavík og tillögur í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024 um þróun byggðar, (ágúst 2002)</b>	<b>3</b>
<b>0.6 Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur</b>	<b>7</b>
<b>0.7 Skýringar við yfirlitstexta fyrir hvern skóla</b>	<b>7</b>
<b>1 Borgarhluti 1 .....</b>	<b>10</b>
<b>1.1 Miðborgarhverfi</b>	<b>11</b>
1.1.1 Austurbæjarskóli.....	11
<b>1.2 Vesturbæjarhverfi</b>	<b>15</b>
1.2.1 Grandaskóli .....	15
1.2.2 Hagaskóli.....	18
1.2.3 Melaskóli.....	21
1.2.4 Vesturbæjarskóli.....	24
<b>2 Borgarhluti 2 .....</b>	<b>27</b>
<b>2.1 Laugardalshverfi</b>	<b>28</b>
2.1.1 Álftamýraskóli.....	28
2.1.2 Háteigsskóli.....	31
2.1.3 Langholtsskóli .....	34
2.1.4 Laugalækjarskóli .....	37
2.1.5 Laugarnesskóli.....	41
2.1.6 Vogaskóli.....	44
2.1.7 Breiðagerðiskóli .....	47
2.1.8 Fossvogsskóli .....	51
2.1.9 Hlíðaskóli .....	54
2.1.10 Hvassaleitisskóli.....	57
2.1.11 Réttarholtsskóli.....	60
<b>3 Borgarhluti 3 .....</b>	<b>63</b>
<b>3.1 Breiðholtshverfi</b>	<b>64</b>
3.1.1 Breiðholtsskóli.....	64
3.1.2 Fellaskóli .....	67
3.1.3 Hólabrekkuskóli .....	70

3.1.4	Seljaskóli .....	73
3.1.5	Ölduselsskóli .....	76
<b>3.2</b>	<b>Árbæjarhverfi</b> .....	<b>79</b>
3.2.1	Árbæjarskóli .....	79
3.2.2	Ártúnsskóli .....	82
3.2.3	Ingunnarskóli .....	85
3.2.4	Selásskóli .....	88
<b>4</b>	<b>Borgarhluti 4</b> .....	<b>91</b>
<b>4.1</b>	<b>Grafarvogshverfi</b> .....	<b>92</b>
4.1.1	Borgaskóli .....	92
4.1.2	Engjaskóli .....	95
4.1.3	Foldaskóli .....	98
4.1.4	Hamraskóli .....	101
4.1.5	Húsaskóli .....	104
4.1.6	Korpuskóli ( nýr skóli í Staðahverfi ) .....	107
4.1.7	Rimaskóli .....	110
4.1.8	Víkurskóli .....	113
<b>4.2</b>	<b>Kjalarneshverfi</b> .....	<b>116</b>
4.2.1	Klébergsskóli .....	116
<b>5</b>	<b>Sérskólar</b> .....	<b>119</b>
<b>5.1</b>	<b>Sérskólar</b> .....	<b>120</b>
5.1.1	Um stöðugreiningu á húsnæði sérskóla .....	120
5.1.2	Safamýrarskóli, .....	120
5.1.3	Einholtsskóli, .....	120
5.1.4	Öskjuhlíðarskóli, .....	120
5.1.5	Dalbautarskóli, .....	121
5.1.6	Hlíðahúsaskóli, .....	121
<b>6</b>	<b>Eftirmáli</b> .....	<b>122</b>
<b>7</b>	<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>123</b>



## 0 Inngangur

### 0.1 Inntak skýrslu

Skýrsla þessi fjallar um húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Á þessu ári verða liðin sex ár frá því að áfangaskýrsla um rýmisathugun grunnskóla var gefin út í janúar 1996.

Í framhaldi hennar var gerð fimm ára áætlun um einsetningu grunnskóla, sem gefin var út í maí 1997. Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað við flesta grunnskóla borgarinnar á þessum árum, bæði viðbyggingar og innri breytingar til þess að einsetja skóla eða bæta úr húsnæðismálum þeirra.

Í þessari skýrslu er kannað hvernig húsnæðismál almennra grunnskóla borgarinnar hafa þróast frá því að áðurnefnd áfangaskýrsla kom út 1996. Almennu grunnskólarnir í Reykjavík eru 33 talsins. Fjallað er um hvernig búast megi við að nemendafjöldi þróist og hver nemendafjöldi skólanna verði næsta áratug og þegar hverfið er komið í jafnvægi. Í skýrslunni er, auk umfjöllunar um almenna grunnskóla, sagt frá athugun sem hafin er á rýmisþörf fimm sérskóla.

Skýrslan er unnin fyrir samráðsnefnd um skólabyggingar. Í nefndinni sátu Sigrún Magnúsdóttir, formaður fræðsluráðs Reykjavíkur, Gerður G. Óskarsdóttir fræðslustjóri Reykjavíkur og Guðmundur Pálmi Kristinsson forstöðumaður Fasteignastofu Reykjavíkurborgar. Ritari nefndarinnar er Sighvatur Arnarsson. Vorið 2002 tók Stefán Jón Hafstein við formennsku í samráðsnefndinni.

Skýrslan er unnin á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar í samstarfi við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Í verkefnisstjórn eru Rúnar Gunnarsson, Fasteignastofu Reykjavíkurborgar, Anna K. Sigurðardóttir og Birna Sigurjónsdóttir frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Bjarni Reynarsson frá Þróunar- og fjölskyldusviði Reykjavíkurborgar. Nemendaspá var unnin á Fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar undir stjórn Guðbjargar A. Jónsdóttur. Egill Guðmundsson hjá Arkís ehf vann greinargerðina í samráði við verkefnisstjórn.

### 0.2 Markmið skýrslu

Markmið skýrslunnar er að meta að nýju það rými sem skólar borgarinnar þurfa til næstu framtíðar, þannig að þeir fullnægi ákvæðum grunnskólalaga hvað varðar einsetningu skólastefnu Reykjavíkurborgar og lengri viðveru nemenda. Tekið er tillit til breytinga á skólastarfi sem orðið hafa undanfarin ár m.a vegna máltíða nemenda og fjölgunar í stjórnun. Matið er byggt á þeim aðstæðum sem viðkomandi skóli býr nú við eftir nýlega smíði viðbygginga og endurskipulagningu innanhúss eða fyrirætlunum þar um. Í skýrslunni er sett fram mat á áætluðum stærðum skólanna miðað við áætlaðan nemendafjölda. Niðurstöður hennar eru ætlaðar sem grunnur að forsagnargerð við skóla þar sem vinna þarf áfram með húsnæðismál eftir að einsetningu er lokið.

Lögð er áhersla á að niðurstöður skýrslunnar kveða ekki á um endanlegar stærðir hugsanlegra viðbygginga eða innri breytingar við viðkomandi skóla.

### 0.3 Vinnuferlið

Verkefnið fólst í eftirfarandi þáttum:

1. Gagnaöflun, yfirferð á eldri rýmisathugun, teikningum o.fl.
2. Nýrri spá um nemendafjölda
3. Heimsókn í almenna grunnskóla borgarinnar
4. Mati á húsnæði skólanna í dag
5. Mati á húsnæði skólanna til framtíðar
6. Framtíðarsýn

### 0.4 Forsendur

Miðað er við sömu rýmisforsendur og viðmiðunarstærðir og gert var í áfangaskýrslu frá 1996 auk nýrra áherslna sem er lýst í ritinu “Áherslur fræðsluráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um grunnskólabyggingar“ frá mars 2001. Helstu breytingar á forsendum frá 1996 eru:

- **Ný nemendaspá til 10 ára og fyrir hverfi í jafnvægi**

Gert hefur verið ný nemendaspá á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, sem byggir á ætlu og tillögum um mannfjöldapróun og þéttingu byggðar samkvæmt upplýsingum frá þróunar- og fjölskyldusviði Reykjavíkurborgar, (ágúst 2002).

- **Nýjar áherslur í stjórnunarrými**

Gert er ráð fyrir fleiri stjórnendum við hvern skóla en áður var.

- **Nýjar áherslur í kennslurými**

Skólar í dag hafa flestir verið byggðir með hefðbundnar bekkjareiningar í huga, þar sem hver bekkur frá 1. – 7. bekk er með eigin heimastofu, en unglíngadeildir færast á milli kennslusvæða. Kennslurými skiptist í almennt kennslurými og sérúið kennslurými (sérgreinastofur). Mikilvægt er að geta kennt nemendum í misstórum hópum og styðja við áherslur um einstaklingsmiðað nám og hópvinna nemenda. Gert er ráð fyrir að sérkennsluver verði í öllum skólum. Gera þarf ráð fyrir rými vegna þessa en á móti kemur að leggja á niður almennar sérdeildir í núverandi mynd.

Þegar bekkjarkerfi, eins og það er skipulagt nú, fer að riðlast munu nemendur dreifast um rými skólahúsa með öðrum hætti en nú er. Með sveigjanlegum kennsluháttum/einstaklingsmiðuðu námi og hópvinna nemenda geta nemendur verið „hvar sem er“. Þeir verða ekki alltaf í sinni heimastofu. Þetta ætti að leiða til þess að rýmið nýtist betur. Stofur („heimastofur“) þurfa þá ekki að vera auðar þegar t.d. hópur er í íþróttum eða sérgreinastofu.

- **Nýjar áherslur í félagsaðstöðu**

Gert er ráð fyrir framleiðslueldhúsi og mataraðstöðu sem stendur öllum nemendum til boða. Miðað er við að um fjórðungur nemenda geti matast í einu í fjölnotasal eða öðru rými þar sem aðstæður leyfa.

- **Nýjar áherslur í aðstöðu heilsugæslu**

Hlutverk heilsugæslu í skólum hefur breyst og það færst meira yfir til almennra heilsugæslustöðva. Ekki er gert ráð fyrir húsnæði fyrir skólatannlækningar í nýjum skólum.

### Húsrýmisáætlun án íþróttarýmis fyrir viðmiðunarskóla 1.-10. bekkur 400-450 nemendur

Tafla A sýnir húsnæðisáætlun á viðmiðunarskóla. Þær stærðir sem þar koma fram eru til viðmiðunar.

Nr.	Heiti rýmis	Viðmiðunar stærðir (nettó m <sup>2</sup> )
1.	<b>Stjórnun - Þjónusta</b>	
	Stjórnun samtals:	330
	Sem hlutf. af heildarrými:	7%
2.	<b>Kennslurými</b>	
	Kennslurými samtals:	2.090
	Sem hlutf. af heildarrými:	46%
3.	<b>Félagsaðstaða</b>	
	Félagsaðstaða samtals:	580
	Sem hlutf. af heildarrými:	13%
4.	<b>Umferðar-, ræsti- og tæknirými</b>	
	Umf., ræsti- og tæknir. samtals:	1.500
	Sem hlutf. af heildarrými:	33%
<b>Heildarrými samtals:</b>		<b>4.500</b>

Tafla A. Húsrýmisáætlun án íþróttarýmis fyrir viðmiðunarskóla 1.-10. bekkur 400-450 nemendur.

## 0.5 Mannfjöldaþróun í Reykjavík og tillögur í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024 um þróun byggðar

Síðasta aldarfjórðungur hefur íbúum borgarinnar fjölgað um 1.100 á ári að meðaltali eða um 1.1%. Í viðmiðunarspá þróunarviðs Reykjavíkurborgar um mannfjöldaþróun í Reykjavík er gert ráð fyrir að íbúar borgarinnar verði um 134 þúsund árið 2024, fjölgi um 24 þúsund, miðað er við þessa tölu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Í spánni er gert ráð fyrir að dragi úr aukningu íbúa seinni hluta skipulagstímabilsins og verði meðalaukning á ári um 1.000 manns eða 0.8%.

Mikil óvissa er um mannfjöldapróun og nemendafjölda svo langt fram í tímann, sérstaklega hvað varðar fólksflutninga til og frá borginni sem hafa sveiflast mikið síðustu árin og áratugina.

Eins hafa orðið miklar breytingar á samsetningu heimila í borginni á síðustu áratugum þar sem lækkun á fæðingartíðni frá því um miðja síðustu öld hefur leitt til þess að heimilin eru fámennari og hlutfall barnlausra heimila vex. Á sjötta áratugnum voru líkindi fyrir því að konur ættu um fjögur börn á ævinni en þessi tala er nú helmingi lægri eða um 2 börn. Um 1970 voru börn á grunnskólaaldri 20 % borgarbúa en nú tæp 14%. Óvissan um mannfjölda og nemendafjölda er nú töluvert meiri en oft áður vegna þess að í tillögu að nýju aðalskipulagi, AR 2001 - 2024 er gert ráð fyrir töluvert meiri þéttingu byggðar en í gildandi aðalskipulagi, og hafa frávik frá fjölda og tímasetningu í byggingu nýrra íbúða bein áhrif á þróun mannfjölda í viðkomandi hverfum.


Töluverðar breytingar verða á aldursskiptingu í Reykjavík á þessu tímabili samkvæmt mannfjöldaspá Þróunarsviðs og verður hlutfallslega mest aukning á miðaldra og eldra fólki, 50 ára og eldra, eða um 60%. Börnum á grunnskólaaldri, 6-15 ára, fjölgar töluvert, frá um 15 þúsund árið 2000 í 18.400 árið 2024, eða um 3.400.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024 er áætlað að byggðar verði um 5.600 íbúðir á skipulagstímabilinu innan núverandi byggðar þ.e innan núverandi skólahverfa borgarinnar. Tafla B sýnir hvernig þéttingin verður við þá skóla sem þegar eru byggðir. Á mynd A á bls 6 er sýnt hvar helstu þéttingarsvæðin eru áætluð í borginni. Ekki eru sýndar landfyllingar eða ný íbúðarhverfi s.s. í suðurhlíðum Úlfarsfells. Á línuríti A á bls 6 er sýnt hvernig áætlað er að börnum á grunnskólaaldri muni fjölga frá 2000 – 2024. Mikil óvissa er um áfangaröð uppbyggingarinnar þegar litið er til lengri tíma og því er ekki gerð tilraun til að áætla fjölda nemenda í grunnskólahverfum borgarinnar lengra en áratug fram í tímann. Eins sýnir reynslan að aldursskipting íbúa á þéttingarsvæðum í grónum hverfum er töluvert frábrugðin íbúasamsetningu í nýjum úthverfum, þ.e hlutfall miðaldra- og eldra fólks er þar yfirleitt hærra. Hlutfall grunnskólanema á þéttingarsvæðum er yfirleitt töluvert minni af heildaríbúafjölda en í úthverfum.

Þessi mannfjöldapróun var höfð til viðmiðunar þegar Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vann áætlanir sínar um nemendafjölda í einstökum skólahverfum til næstu tíu ára og eins við mat á því hvenær nemendafjöldi í grunnskólahverfi væri í jafnvægi, sjá kafla 0.3.


Skóli	2001- 2003	2003- 2004	2004- 2005	2005- 2006	2006- 2007	2012	Samtals 2024
Austurbæjarskóli	20	85	85	70	70	120	450
Álftamýraskóli	0	0	0	0	0		0
Árbæjarskóli	20	0	0	0	0		20
Ártúnsskóli	0	0	0	0	0		0
Borgaskóli	0	0	0	0	0		0
Breiðagerðiskóli	0	0	0	0	0		0
Breiðholtsskóli	16	0	0	0	0	60	76
Engjaskóli	0	0	0	0	0		0
Fellaskóli	0	0	0	0	0		0
Foldaskóli	0	0	0	0	0		0
Fossvogsskóli	0	0	0	0	0		0
Grandaskóli	0	40	40	40	0		120
Hagaskóli	40	40	40	40	50	250	460
Hamraskóli	50	50	50	0	0		150
Háteigsskóli	20	20	0	25	75	150	290
Hlíðaskóli	0	0	0	0	0		0
Hólabrekkuskóli	0	0	0	0	0		0
Húsaskóli	0	0	0	0	0		0
Hvassaleitisskóli	0	0	0	0	0		0
Ingunnarskóli	400	400	0	50	0		850
Klébergsskóli	10	10	10	10	10	60	110
Korpuskóli	0	0	0	0	0	0	0
Langholtsskóli	0	0	0	0	0		0
Laugalækjarskóli	65	0	0	0	67	33	165
Laugarnesskóli	65	0	0	0	67	33	165
Melaskóli	0	0	0	0	0	0	0
Réttarholtsskóli	0	0	0	0	0		0
Rimaskóli	150	100	100	24	0		374
Selásskóli	20	0	0	0	0		20
Seljaskóli	0	0	0	0	0	40	40
Staðaskóli	0	0	0	0	0		0
Vesturbæjarskóli	40	0	0	0	50	250	340
Víkurskóli	0	0	0	0	0		0
Vogaskóli	0	0	0	0	0		0
Ölduselsskóli	30	0	0	0	0		30
<b>Samtals</b>	<b>946</b>	<b>745</b>	<b>325</b>	<b>259</b>	<b>389</b>	<b>996</b>	<b>3.660</b>

**Tafla B.** Þétting byggðar (fjöldi íbúða) við núverandi skóla samkvæmt upplýsingum frá þróunar- og fjölskyldusviði Reykjavíkurborgar, ágúst 2002.



Mynd A. Helstu þéttingarsvæði byggðar í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Börn á grunnskólaaldri í Reykjavík 6 - 16 ára framreikningar 2000 til 2024



Línurit A. Börn á grunnskólaaldri í Reykjavík 6-16 ára og áætluð tímasetning frá 2000 - 2024.

## 0.6 Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur

Árið 1995 vann Borgarskipulag sérstaka nemendaspá fyrir grunnskóla Reykjavíkur í tengslum við einsetningu skólanna. Þrátt fyrir að sú spá hafi staðist í veigamestu atriðum er ljóst að nokkur frávik hafa verið frá henni. Vegna þessa og fyrirhugaðrar þéttingar byggðar í mörgum hverfum borgarinnar þótti brýnt að endurskoða nemenda- og mannfjöldaspá um leið og gerð yrði úttekt á því hvort húsnæði skólanna fullnægði þörf næstu árin.

Fasteignastofa Reykjavíkurborgar óskaði eftir því við þróunarsvið Ráðhússins að það kæmi að vinnu vegna nýrrar nemenda- og mannfjöldaspár sem síðan óskaði eftir því að þróunarsvið Fræðslumiðstöðvar kæmi einnig að verkinu. Sérstök áhersla var lögð á að fara yfir þær forsendur sem notaðar voru af Borgarskipulagi og jafnframt að fara yfir þær forsendur sem legið hafa til grundvallar spá Fræðslumiðstöðvar um fjölda í skólum næstu fimm ár sem birt hefur verið í Starfsáætlun fræðslumála undanfarin ár og samræma spárnar.

Í skýrslunni *Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2002* má sjá þróun nemendafjölda einstakra skóla frá því þeir voru stofnaðir, fjölda íbúa í október 2001, aldursdreifingu þeirra og fjölda íbúða í hverfinu. Loks er gerð tilraun til að spá fyrir um fjölda í skólanum næstu árin og áætla hver sé líklegur lágmarks-, hámarks- og jafnaðarfjöldi nemenda í hverju skólahverfi fyrir sig.

Spá til næstu fimm ára byggir á þeim fjölda barna sem á lögheimili í viðkomandi skólahverfi í október 2001 og upplýsingum um hve hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfi hefur sótt sinn hverfisskóla undanfarin fimm ár að viðbættum fjölda barna sem gert er ráð fyrir vegna fyrirhugaðrar þéttingar byggðar. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda barna í nýjum íbúðum eins og er fyrir í hverfinu.

Í nýbyggingahverfum þar sem engar upplýsingar eru fyrir hendi aðrar en fjöldi íbúða á skipulagi er stuðst við kúrfu sem sýnir meðalfjölda barna per íbúð á hverju starfsári þeirra skóla sem stofnaðir voru á árunum frá 1970 til 1985. Nemendafjöldi þessara skóla hefur að jafnaði verið í hámarki á sjötta starfsári skólanna en þá hafa nemendur verið 0,72 per íbúð í hverfinu. Fjöldinn hefur náð lágmarki á 24. starfsári en þá hefur hlutfall barna per íbúð verið um 0,28 að meðaltali. Hugsanlega þarf að búa til tvær kúrfur sem byggja á misháu hlutfalli sérþýlis og fjölþýlis.

Það skal skýrt tekið fram að þetta er ekki endanleg spá, hún er í stöðugri endurskoðun, m.a. í samræmi við áætlanir um þróun byggðar.

## 0.7 Skýringar við yfirlitstexta fyrir hvern skóla

Í upphafi umfjöllunar um hvern skóla eru teknar saman grunnupplýsingar um skólann. Hér fylgja nánari skýringar þeim upplýsingum.

### **Fjöldi nemenda árið 2002**

Skráðir nemendur í hverjum skóla í október 2002 samkvæmt upplýsingum frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

### **Árgangar**

Upplýsingar frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um fjölda árganga í viðkomandi skóla.

### **Stærðir í dag:**

#### **Heildarstærð lóðar**

Stærð skólalóðar samkvæmt afstöðumynd eða áætluð stærð þar sem mæling liggur ekki fyrir.

#### **Stærð skólahúss án íþróttarýmis**

Núverandi stærð skólahúss án íþróttarýmis mæld af teikningum eða samkvæmt fyrirbyggjandi tölulegum upplýsingum á teikningum eða í öðrum gögnum. Í kafla um sérskóla er fjallað um skólana með íþróttarými.

#### **Lausar stofur á lóð**

Fjöldi færanlegra kennslustofa í dag. Flatarmál á lausum kennslustofum er ekki talið með í flatarmáli skólanna þar sem ekki er um varanlegt húsnæði að ræða

#### **Nýting húsnæðis**

Gólfflatarmál skólahúsnæðis á hvern nemenda fyrir utan íþróttarými.

### **Áætlaðar stærðir eftir stækkun:**

#### **Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnvægi**

Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnvægi. Stuðst er við nemendasþá Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Að jafnaði er miðað við að á 22. aldursári skólans sé nemendafjöldi kominn í jafnvægi. Nemendafjöldi eða áætlaður nemendafjöldi á 22. aldursári er því meðalnemendafjöldi hverfis í jafnvægi og er reiknað með 10% vikiðmörkum (hærri og lægri mörk).

#### **Áætluð viðbótarrýmisþörf**

Farið er yfir áætlaða rýmisþörf hvers skóla út frá áætluðum stærðum fyrir nýjan viðmiðunarskóla. Reynt er að meta þörfina með hliðsjón af núverandi húsnæði hvers skóla. Í nokkrum tilvikum er bent á að athuga þurfi aðstæður betur áður en áætluð rýmisþörf liggur fyrir.

Bent skal á að rýmisþörf er ekki það sama og viðbyggingaþörf vegna þess að í sumum tilvikum má gera innri breytingar á núverandi skólahúsnæði sem draga úr viðbyggingaþörf.

### Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis

Þessi tala er samanlögð stærð núverandi skólahúss án íþróttarýmis og áætlaðrar rýmisþarfar án íþróttarýmis. Ekki er tekið tillit til áætlaðra innri breytinga í núverandi skólahúsi, sem gætu haft áhrif á viðbyggingaþörfina, nema þess sé sérstaklega getið.

### Áætluð nýting húsnæðis

Áætlað heildargólfflatarmál viðkomandi skóla á hvern nemenda eftir áætlaða stækkun fyrir utan íþróttarými.

### Samantekt um núverandi stærðir, viðbótarrýmisþörf og áætlaða heildarrýmisþörf.

Skóli	Núverandi stærðir	Viðbótarrýmisþörf	Áætluð heildarrýmisþörf
Austurbæjarskóli	5.380	300	5.680
Álftamýraskóli	4.380	0	4.380
Árbæjarskóli	6.903	0	6.903
Ártúnsskóli	2.394	0	2.394
Borgaskóli	3.930	0	3.930
Breiðagerðiskóli	3.292	900	4.192
Breiðholtsskóli	5.505	800	6.305
Engjaskóli	4.483	0	4.483
Fellaskóli	7.425	0	7.425
Foldaskóli	6.845	0	6.845
Fossvogsskóli	3.860	0	3.860
Grandaskóli	4.089	0	4.089
Hagaskóli	4.970	850	5.820
Hamraskóli	4.443	500	4.943
Háteigsskóli	4.352	300	4.652
Hlíðaskóli	4.977	1.948	6.925
Hólabrekkuskóli	6.755	0	6.755
Húsaskóli	4.661	0	4.661
Hvassaleitisskóli	3.594	0	3.594
Ingunnarskóli	Kennsla fer fram í lausum stofum		
Klébergsskóli	2.663	0	2.663
Korpuskóli	1.590	Liggur ekki fyrir	(1.590)
Langholtsskóli	5.917	400	6.317
Laugalækjarskóli	2.936	750	3.686
Laugarnesskóli	3.282	950	4.232
Melaskóli	5.232	400	5.632
Réttarholtsskóli	3.749	250	3.999
Rimaskóli	6.350	0	6.350
Selásskóli	4.407	0	4.407
Seljaskóli	6.589	650	7.239
Vesturbæjarskóli	3.200	200	3.400
Víkurskóli	3.950	0	3.950
Vogaskóli	2.750	1.250	4.000
Ölduselsskóli	5.430	500	5.930
<b>Samtals</b>	<b>150.283</b>	<b>10.948</b>	<b>161231</b>

**Tafla C.** Yfirlit, sem sýnir núverandi stærðir skóla á höfuðborgarsvæðinu, viðbótarrýmisþörf og áætlaða heildarrýmisþörf miðað við að skólahverfi verði í jafnvægi.

# 1 Borgarhluti 1

## 1.1 Miðborgarhverfi

### 1.1.1 Austurbæjarskóli


## 1.2 Vesturbæjarhverfi

### 1.2.1 Grandaskóli

### 1.2.2 Hagaskóli

### 1.2.3 Melaskóli

### 1.2.4 Vesturbæjarskóli



Uppdráttur sem sýnir staðsetningu borgarhluta 1.

## 1.1 Miðborgarhverfi

### 1.1.1 Austurbæjarskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>611 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>17.424 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.380 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>0</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>8.8 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>583 nem</b>	
<b>Áætluð viðbótarýmisþörf</b>	<b>300 m<sup>2</sup></b>	<sup>1)</sup>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.680m<sup>2</sup></b>	
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>9.7 m<sup>2</sup></b>	

<sup>1)</sup> Stór hluti rýmisþarfur er vegna þéttingar byggðar.

#### 1.1.1.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir um 490 nemendum í skólanum og að þeim gæti fjölgað um 15% vegna þess að yngra fólk væri að flytja í hverfið og vegna fyrirhugaðrar byggðar við Skúlagötu. Skólinn var tvísettur. Austurbæjarskóli er byggður 1930 og er sögulega merk bygging. Húsið er friðað að utan, en leyfilegt að breyta því að innan. Fyrir 1996 lágu tillögur að innri breytingum í skólanum fyrir. Niðurstaða áfangaskýrslu 1996 var að einsetja mætti skólann án viðbyggingar með innri skipulagsbreytingum. Bent var á að óvissa væri um framtíðarþróun í nemendafjölda.


#### 1.1.1.2 Staðan árið 2002

Gerðar hafa verið ýmsar innri breytingar á skólahúsnæðinu til þess að færa það nær nútímakröfum um húsnæði grunnskóla og byggð hefur verið um 380 m<sup>2</sup> sérbygging við hlið skólans með fjórum kennslustofum. Skólinn er einsetinn við þröngar aðstæður. Nemendur eru 611 þann 1. okt. 2002 og hefur fjölgað um 113 síðan 1996. Bekkjadeildir eru 28. Unnið er að innri skipulagsbreytingum innan skólahúsnæðisins, sem gera m.a. ráð fyrir að stjórnunardeild verði flutt til og húsnæði hennar stækkað. Í Austurbæjarskóla eru 29 almennar kennslustofur. Í skólanum er almenn sérdeild og móttökudeild fyrir nýbúa. Stærð skólahúss með nýrri viðbygginu án íþróttarýmis er í dag um 5.680 m<sup>2</sup>. Benda þarf á að íþróttaaðstaða skólans er orðin of lítil og kennt er í íþróttahúsi Vörðuskóla.

### 1.1.1.3 Spá um nemendafjölda

Austurbæjarskóli tók til starfa í skólahúsinu nýbyggðu árið 1930 með 1300 nemendur (mynd 1). Tíu árum síðar náði nemendafjöldi í skólanum hámarki en þá voru 1.834 nemendur við skólann. Á næstu árum fækkaði nemendum ört og voru þeir fæstir 437 árið 1981. Um 1985 var hverfið komið í nokkuð jafnvægi og nemendafjöldi á bilinu 470-600. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum fjölgi og verði yfir 730 árið 2006 (tafla 1).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,15 per íbúð.



**Mynd 1.** Nemendafjöldi í Austurbæjarskóla á árunum 1930-2001 og spá til 2012.


Fyrirhugað er að byggja 330 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin, 20 árið 2002, 85 árið 2003, 85 árið 2004, 70 árið 2005 og 70 árið 2006. Á árunum 2007-2012 er gert ráð fyrir 120 nýjum íbúðum. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 1.** Spá um nemendafjölda í Austurbæjarskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>1</sup>
603	634	658	690	734	602	525	641	583

<sup>1</sup> Meðalfjöldi nemenda eftir að hverfi er komið í jafnvægi. Gera þarf ráð fyrir töluverðum sveiflum á fjölda nemenda eftir að hverfi er komið í jafnvægi.

Í skólahverfinu er 7.901 íbúi í 4.076 íbúðum, 9,4% íbúða eru sérbyli og 90,6% eru fjölbyli. Það eru að meðaltali 1,94 íbúar á íbúð og 7,8% íbúa eru börn á skólaaldri eða að jafnaði 0,15 börn á skólaaldri í íbúð (mynd 2).



Mynd 2. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Austurbæjarskóla 2001.

#### 1.1.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi á næstu árum, en taki að fækka eftir 2007. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 583 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörf til framtíðar þrátt fyrir að lokið verði við innri breytingar. Það er vegna væntanlegrar fjölgunar nemenda í hverfinu, bæði vegna þess að ásókn fólks virðist vera í hverfið og vegna fyrirhugaðrar þéttingar byggðar. Ljóst að talsverð endurnýjun hefur átt sér stað í hverfinu umfram það sem spáð var 1996. Ýmis rými eru of lítil eða vantar. Þar má nefna stjórnunarrými, kennslurými, félagsrými, snyrtingar, ræstingar ofl. Lyftu vantar í húsið. Litlir möguleikar eru á lóð skólans til stækkunar húsnæðisins. Ljóst er að rýmisþörf til nánustu framtíðar er meiri en eftir að hverfið er komið í jafnvægi. Því er líklegt að leysa þurfi tímabundna rýmisþörf með lausum stofum til bráðabirgða fyrir utan þá viðbótarrýmisþörf sem er til framtíðar miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

Áætluð viðbótarrýmisþörf er um

300 m<sup>2</sup>

### 1.1.1.5 Framtíðarsýn

Ljóst er að skólahúsnæðið í núverandi mynd getur ekki tekið við þeim nemendafjölda sem áætlaður er til framtíðar í skólanum. Austurbæjarskóli er mjög sérstæð og söguleg bygging, sem erfitt er að byggja við eða breyta meira en gert hefur verið hingað til með góðum árangri. Líklegt er að núverandi skólahúsnæði með þeim breytingum sem eftir er að gera gæti hentað vel fyrir um 530-550 nemendur til framtíðar.

Lagt er til að framtíðarhúsnæðismál Austurbæjarskóla verði skoðuð sérstaklega með heildarlausn í huga miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Athuga þarf betur hvort nemendur á grunnskólaaldri verði eins margir og nemendaspá gerir ráð fyrir. Kanna má hvort nýta megi gamla veitustöð Orkuveitu Reykjavíkur við hlið skólans t.d. fyrir félagsrými eða koma fyrir nýju húsnæði annars staðar á lóðinni. Til bráðabirgða þarf að leysa viðbótarrýmisþörfina með 4-5 lausum stofum, væntanlega á árunum 2003-2007. Einnig er lagt til að kannað verði hvort breyta megi mörkum skólahverfis og fækka þannig nemendum.

Þá er lagt til að athugaður verði möguleiki á að stofna miðborgarskóla í borginni. Miðborgarskóli væri grunnskóli, sem þjónað gæti nokkrum skólahverfum, t.d. Miðborgarhverfi og Vesturbæjarhverfi og fækkað þannig nemendum í skólum í þessum hverfum.

## 1.2 Vesturbæjarhverfi

### 1.2.1 Grandaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>379 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>12.625 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.089 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.7 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>334 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>óbreytt <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.2 m<sup>2</sup>/nem</b>

1) miðað er við að aukin rýmisþörf ca 180 m<sup>2</sup> verði leyst innanhúss til framtíðar þegar að nemendum fækkar í skólanum

#### 1.2.1.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 486, væri nálægt hámarki. Skólinn var tvísetinn að stærstum hluta. Gert var ráð fyrir að nemendum myndi fækka og að ekki yrði uppbygging á lóð Lýsis hf. í nánustu framtíð. Fyrir lágu samþykktar tillögur að viðbyggingu við skólann, sem fullnægja áttu rýmisþörf hans, alls um 1.950 m<sup>2</sup>. Þó var ekki gert ráð fyrir húsnæði fyrir skólادagvist.

#### 1.2.1.2 Staðan árið 2002


Búið er að byggja við skólann og er skólinn einsetinn. Nemendur eru 379 þann 1. okt. 2002 í 1.-7. bekk og hefur fækkað um 107 síðan 1996. Bekkjadeildir eru 20. Almennar kennslustofur eru 20. Heildarstærð skólans er um 4.089 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Húsnæði skólans fullnægir rýmisþörf hans að mestu leyti í dag fyrir utan húsnæði skólادagvistar og nokkur smærri rými.

#### 1.2.1.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Grandaskóli hóf göngu sína 1986 voru 172 nemendur við skólann, sem er lágmark í nemendafjölda (mynd 3). Nemendum fjölgaði ört á næstu fjórum árum og smám saman til ársins 1996. Þá náði nemendafjöldi hámarki, 486 nemendur. Nemendum hefur heldur fækkað upp frá því og voru 379 nemendur við skólann 1. okt. 2002. Í nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendur verði á bilinu 376-413 á næstu 10 árum (tafla 2). Þegar hverfið verður komið í jafnvægi ættu nemendur að verða

færri eða á bilinu 301-368. Vegna þéttingar á árunum 2002-2012 er spá örlítið fyrir ofan jafnvægislínu árið 2008.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,25 per íbúð.



**Mynd 3.** Nemendafjöldi í Grandaskóla á árunum 1986-2001 og spá til 2012.


Fyrirhugað er að byggja 120 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin, 40 árið 2003, 40 árið 2004 og 40 árið 2005. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 2.** Spá um nemendafjölda í Grandaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>2</sup>
407	403	415	416	413	382	301	368	334

<sup>2</sup> 30 börn bætast við í Grandaskóla vegna 120 íbúða

Í skólahverfinu eru 4.132 íbúar í 1.630 íbúðum, 12,1% íbúða eru sérbýli og 87,9% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,53 íbúar á íbúð og 14,7% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 4).



Mynd 4. Aldursdreifing í skólahverfi Grandaskóla

#### 1.2.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir nokkurri fækkun á nemendum Grandaskóla á næstu árum. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 334 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Meta þarf húsnæðisþörfina með hliðsjón af því. Nokkur rými vantar, s.s. fundarherbergi, sérkennsluver og rými fyrir skóladagvist. Lóð skólans er fullnýtt í dag og varla er hægt að byggja meira á lóð hans.

#### 1.2.1.5 Framtíðarsýn

Miðað við nemendaspá mun nemendum fækka nokkuð við skólann. Því er líklegt að núverandi skólahúsnæði Grandaskóla muni fullnægja rýmisþörf skólans til framtíðar með innri skipulagsbreytingum. Húsnæði skóladagvistar, fundarherbergi og sérkennsluver, alls um 180 m<sup>2</sup>, gætu síðar komist fyrir innan núverandi húsnæðis. Benda má á þann möguleika að stækka núverandi húsnæði á gæsluvelli við hlið skólans, sem er lítið, og nýta það fyrir skóladagvist og samnýta þannig húsnæði og lóð gæsluvallarins með skólanum.

## 1.2.2 Hagaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt 2002</b>	<b>551 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>8.-10. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>12.412 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.970 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>0</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>9.0 m<sup>2</sup>/nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>598 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarýmisþörf</b>	<b>850 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.820 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>9.7 m<sup>2</sup>/nem</b>

<sup>1)</sup> Hér er miðað við að um 150 – 200 m<sup>2</sup> þar af verði endurskipulagðir kjallara hússins.

### 1.2.2.1 Staðan árið 1996

Skólinn er safnskóli fyrir nemendur í 8.-10. bekk úr Vesturbæjarskóla, Grandaskóla og Melaskóla. Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 581, myndi standa í stað næstu 5 ár, en myndi fjölga eftir það. Nokkur óvissa var þó um væntanlegan nemendafjölda til framtíðar, einkum vegna hugsanlegrar byggðar á lóð Lýsis hf, allt að 200 íbúðir. Ekki var gert ráð fyrir að byggt yrði við Hagaskóla en að gerðar yrðu innri skipulagsbreytingar á húsnæði til þess að aðlaga það að þörfum skólans.

### 1.2.2.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Skólinn er um 4.970 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis og nemendur eru 551 þann 1. okt. 2002. Nemendum hefur fækkað um 30 síðan árið 1996. Bekkjadeildir eru 23. Kennt er í 25 almennum kennslustofum. Gerðar hafa verið innri skipulagsbreytingar og endurbætur. Húsnæði skólans fullnægir rýmisþörfinni að mestu leyti eins og það er í dag. Ýmis rými vantar og úrbætur eru nauðsynlegar, þrátt fyrir að nemendum hafi fækkað.

### 1.2.2.3 Spá um nemendafjölda

Hagaskóli tók til starfa 1958 með 334 nemendur (mynd 5). Þetta fyrsta ár voru fæstir nemendur við skólann. Nemendum fjölgaði jafnt og þétt næstu ár og náði nemendafjöldi hámarki árið 1971 en þá var 871 nemandi við skólann. Nemendum fækkaði til ársins 1985 en þá var 451 nemandi við skólann. Árið 1994 hafði nemendum fjölgað í 629 en árið 2000 voru ekki nema 467 nemendur í skólanum. Í spá

til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendafjöldi muni sveiflast upp aftur, 618 nemendur verði við skólann árið 2011 (tafla 3). Nokkur fjölgun varð í skólanum í kjölfar þess að Grandahverfi var byggt kringum 1985. Einnig eru töluvert meiri sveiflur í nemendafjölda milli ára vegna þess að í Hagaskóla eru aðeins þrjú árgangar.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,07 per íbúð.



**Mynd 5.** Nemendafjöldi í Hagaskóla á árunum 1958-2001


Fyrirhugað er að byggja 460 nýjar íbúðir í skólahverfinu á árunum 2002-2012, 40 árið 2002, 40 árið 2003, 40 árið 2004, 40 árið 2005, 50 árið 2006 og 250 á árunum 2007-2012. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 3.** Spá um nemendafjölda í Hagaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>3</sup>
562	600	582	601	599	618	538	658	598

<sup>3</sup> Miðað er við 31. aldursár skólans vegna Grandahverfis. Einnig bætast við 33 börn vegna þéttingar í Grandahverfi og Vesturbæjarrhverfi. Ekki er hér reiknað með neinni fjölgun vegna þéttingar í Melahverfi.

Í skólahverfinu eru 16.171 íbúar í 7.276 íbúðum, 9,8% íbúða eru sérbýli og 90,2% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,22 íbúar á íbúð og 12% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 6).



Mynd 6. Aldursdreifing í skólahverfi Hagaskóla.

#### 1.2.2.4 Mat á húsnæðisþörf

Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir allmikilli fjölgun nemenda við skólann aðallega vegna fyrirhugaðrar þéttingar byggðar. Áætlaður meðalnemendafjöldi er um 598 nemendur miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Ljóst er að skólinn mun ekki anna þeim nemendafjölda sem fyrirhugaður er án viðbyggingar og breytinga. Ýmis rými vantar, s.s. fundarherbergi, nýjar kennslustofur, fjölnýti- og tónlistarstofur og framleiðslueldhús fyrir mötuneyti nemenda. Nokkur rými eru of lítil og lyftu vantar í skólann. Vannýtt rými er í kjallara skólans, sem mætti nýta betur. Lóð skólans er lítil og rými til stækkunar skólans er takmarkað.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 850 m<sup>2</sup>**

Skólasalurinn er mikið nýttur í dag m.a. sem félagsrými og því er nýr matsalur þar sem a.m.k. 150 nemendur geta matast í einu með í áætlun um viðbótarrýmisþörf.

#### 1.2.2.5 Framtíðarsýn

Ljóst er að gera þarf innri breytingar og byggja við skólann til þess að fullnægja framtíðarrýmisþörf hans fyrir hverfið í jafnvægi miðað við áætlaðan nemendafjölda. Í kjallara hússins eru rými með litla sem enga glugga, líklega um 150 – 200 m<sup>2</sup>, sem nýtist lítið. Nýta mætti það betur með því að grafa frá austurhlið skólans og gera þar glugga og neyðarútgang. Slík nýting myndi minnka viðbyggingaþörf skólans. Viðbygging við skólann er möguleg þrátt fyrir takmarkað rými á lóðinni.

### 1.2.3 Melaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt 2002</b>	<b>622 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>12.203 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.232 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>0</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>8.4 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>670 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>400 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.632 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðið</b>	<b>8.4 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>

<sup>1)</sup> Ólíklegt er að hægt verði að stækka skólann sem rýmisþörf nemur. Gert er ráð fyrir að leysa þurfi húsnæðisþörfina með öðrum hætti.

#### 1.2.3.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 571, myndi ekki fjölga mikið og að hverfið væri í jafnvægi. Nokkur óvissa var um nemendafjölda til framtíðar. Skólinn var tvísetinn og ljóst að gera yrði innri breytingar og byggja við skólann til þess að fullnægja rýmisþörfinni. Áætluð rýmisþörf var um 1.200 – 1.300 m<sup>2</sup> auk innri endurskipulagningar.

#### 1.2.3.2 Staðan árið 2002


Byggt var við skólann 1998–99 um 1.470 m<sup>2</sup> bygging með tengigangi. Einnig er unnið að innri breytingum á eldra húsnæði og er þeim senn lokið. Skólinn er einsetinn. Skólinn er í dag um 5.232 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis og nemendur eru 622 þann 1. okt. 2002. Þeim hefur fjölgað um 51 frá 1996, og fjölgar enn. Bekkjadeildir eru 28. Húsnæði skólans er viðunandi miðað við núverandi nemendafjölda, en kennt er í 28 kennslustofum, auk minni kennslurýma. Víða er þó þröngt í skólanum, ýmis rými eru mjög lítil eða vantar.

#### 1.2.3.3 Spá um nemendafjölda

Melaskóli tók til starfa árið 1936. Árið 1957 náði nemendafjöldi hámarki þegar 1.658 nemendur voru við skólann (mynd 7). Upp frá því fækkaði nemendum jafnt og þétt og árið 1999 var nemendafjöldi í lágmarki eða 571 nemandi við skólann. Á árunum 1977 til 2001 var nemendafjöldi nokkuð stöðugur, nema árin 1984 og 1985 þá fór nemendafjöldi upp í tæplega 850. Hverfið hefur verið í jafnvægi frá 1988. Í

nemendaspá til næstu tíu ára er gert ráð fyrir að hverfið haldist í jafnvægi og nemendafjöldi verði á bilinu 647 til 789 (tafla 4).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,20 per íbúð.




Mynd 7. Nemendafjöldi í Melaskóla á árunum 1956-2001<sup>4</sup> og spá til 2012.

Tafla 4. Spá um nemendafjölda í Melaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
640	662	695	739	789	647	603	737	670

Í skólahverfinu eru 6.797 íbúar í 3.199 íbúðum, 8,7% íbúða eru sérbyli og 91,3% eru fjölbyli. Það eru að meðaltali 2,12 íbúar á íbúð og 12,9% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 8). Vert er að benda á að ekki er gert ráð fyrir neinni fjölgun íbúða í hverfinu í þessari spá.

<sup>4</sup> Vantar upplýsingar um nemendafjölda á árunum 1936-1954.



Mynd 8. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Melaskóla.

#### 1.2.3.4 Mat á húsnæðisþörf

Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir verulegri fjölgun nemenda í skólanum án þess að reiknað sé með þéttingu byggðar. Meðalnemendafjöldi er áætlaður um 670 nemendur miðað við hverfið í jafnvægi. Ljóst er að skólinn mun ekki anna þeim nemendafjölda sem fyrirhugaður er án breytinga og viðbyggingar. Stjórnunarrými er í heild sinni mjög þröngt í dag. Þar vantar rými fyrir námsráðgjafa, fundarherbergi, eldtrausta geymslu o.fl. Miðað við nemendaspá vantar almennar kennslustofur, fjölnýttisstofu o.fl. Lyftu vantar í eldra skólahúsið. Almenn sérdeild er til húsa að Hagamel 19. Taka þarf afstöðu til þess hvort hún verður rekin áfram og hvort hún flytur þá í húsnæði skólans. Staðsetning húsa á lóð skólans og lögum lóðarinnar eru þannig að mjög takmarkaðir stækkunarmöguleikar eru til staðar.

Áætluð viðbótarrýmisþörf er um

400 m<sup>2</sup>

#### 1.2.3.5 Framtíðarsýn

Skólahúsnæðið í núverandi mynd getur ekki tekið við þeim 670 nemendum, sem er áætlaður meðalnemendafjöldi miðað við að hverfið sé komið í jafnvægi. Lagt er til að framtíðarhúsnæðismál Melaskóla verði skoðuð sérstaklega með tilliti til þess að byggja annan skóla á svæðinu. Nýr skóli myndi þjóna fyrirhugaðri þéttingu byggðar við Skerjafjörð, í Vatnsmýri og námsmannabyggðinni við Háskólann. Ljóst er að lóð undir slíkan skóla er þó vandfundin. Við byggingu nýs skóla myndi hins vegar léttu verulega á húsnæðisþörf Melaskóla og aðeins þyrfti að gera innri breytingar þar. Líklegt er að núverandi skólahúsnæði Melaskóla myndi henta vel fyrir um 530-550 nemendur til frambúðar. Til bráðabirgða þarf auk þess að leysa aukna rýmisþörf við skólann með a.m.k. 3-4 lausum stofum á árunum 2003-2007.

#### 1.2.4 Vesturbæjarskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>310 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>

##### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar ( áætluð )</b>	<b>7.000 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.200 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.3 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>262 nemendur</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>200 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.400 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis um</b>	<b>13.4 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>

<sup>1)</sup> Áætluð rýmisþörf gerir ráð fyrir að gera þurfi ákveðnar úrbætur við skólann, s.s. mataraðstöðu, kennslurými og fleira.

##### 1.2.4.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir, að nemendum, sem þá voru 289, myndi ekki fjölga mikið og að fjöldi bekkjardeilda yrði um 15 næstu árin. Þó var bent á að skoða yrði óvissu í mannfjöldaspá Borgarskipulags sérstaklega. Einnig var bent á að fjöldi forskólabarna skilaði sér ekki til skólans. Bent var á ýmsa möguleika til úrbóta og til stækkunar á lóð skólans sem er lítil. Skólinn var tvísetinn að stærstum hluta. Áætluð viðbyggingarþörf var 600 – 700 m<sup>2</sup> auk innri endurskipulagningar.

##### 1.2.4.2 Staðan árið 2002


Keyptar voru íbúðarhúsaloðir við Hringbraut og Vesturvallargötu og lóð skólans stækkuð. Byggt var 1999 við skólann um 905 m<sup>2</sup> viðbygging auk innri endurskipulagningar. Skólinn er einsetinn og 1.okt. 2002 eru nemendur 310 í 1.-7. bekk. Þeim hefur fjölgað um 21 síðan 1996. Bekkjadeildir eru 17. Skólahúsnæði er um 3.200 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Í dag er kennt í 14 almennum kennslustofum. Staðan í dag þarfnast nánari skoðunar. Íbúðarhús á skólalóðinni nýtast ekki vel sem húsrými fyrir skólann vegna þess að fyrirkomulag þeirra hentar illa til skólahalds.

##### 1.2.4.3 Spá um nemendafjölda

Vesturbæjarskóli tók til starfa haustið 1958 með 227 nemendur (mynd 9). Þó nokkrar sveiflur voru í nemendafjölda á fyrstu 20 árunum, 300 nemendur voru við skólann árið 1970 og 182 nemendur voru 1974 sem er lægsti nemendafjöldi. Þá tók nemendum heldur að fjölga og árið 1989 náði nemendafjöldi hámarki en þá voru 330 nemendur í skólanum. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum

haldi áfram að fjölga og verði 378 árið 2011 (tafla 5). Hverfið virðist ekki vera komið í jafnvægi eða muni ná jafnvægi á næstu 10 árum.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Mun færri börn skiluðu sér í skólann haustið 2001 en áttu lögheimili í hverfinu eða aðeins um 71% þeirra. Ætla má að a.m.k. hluti þessara barna hafi farið í Landakotsskóla. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,12 per íbúð.



**Mynd 9.** Nemendafjöldi í Vesturbæjarskóla á árunum 1958-2001 og spá til 2012.


Fyrirhugað er að byggja 340 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu 10 árin, 40 árið 2002, 50 árið 2006 og 250 árið 2012. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 5.** Spá um nemendafjölda í Vesturbæjarskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal-fjöldi <sup>5</sup>
302	306	312	313	337	258	236	288	262

<sup>5</sup> Ekki hægt að spá út frá venjulegri kúrfu þess vegna er besta lína valin ( minnst frávik).

Í skólahverfinu eru 5.242 íbúar í 2.447 íbúðum, 9,7% íbúða eru sérþýli og 90,3% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 2,14 íbúar á íbúð og 12% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 10).



Mynd 10. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Vesturbæjarskóla.

#### 1.2.4.4 Mat á húsnæðisþörf

Samkvæmt nemendaspá fjölgar talsvert í skólanum næstu 4-5 árin Gert er ráð fyrir að meðalnemendafjöldi verði um 262 miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Húsnæði skólans er víða þröngt í dag og þarfnast sum rými endurskoðunar, en önnur vantar. Ljóst er að rými skólans fullnægir varla rýmisþörfinni miðað við nemendafjöldann. Í stjórnunarrými vantar viðtalsherbergi, fundarherbergi og herbergi fyrir námsráðgjafa. Aðstaða og geymsla umsjónarmanns er lítil. Í dag vantar a.m.k. eina kennslustofu, fjölnýttistofu og áhaldageymslu. Framleiðslueldhús vantar og taka þarf afstöðu til þess hvar nemendur eiga að matast. Almenn geymslurými eru lítil og ræstiaðstaða er ófullnægjandi. Bent er á að núverandi íbúðarhús á lóðinni eru lítið notuð. Þau eru um 45 m<sup>2</sup> að grunnfleti alls um 180 – 200 m<sup>2</sup>. Lóð skólans er lítil og nánast fullnýtt.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf er um**

**200 m<sup>2</sup>**

#### 1.2.4.5 Framtíðarsýn

Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir að nemendum fækki talsvert þegar hverfið verður komið í jafnvægi. Verulega fjölgar hins vegar í skólanum á næstu árum. Lagt er til að kannað verði sérstaklega hvernig húsnæði skólans geti þróast miðað við hverfið í jafnvægi og breytingar og/eða stækkun hans ákveðin í samræmi við það. Leysa þarf aukna rýmisþörf tímabundið með 2-3 lausum stofum á árunum 2003-2007 og / eða með breyttri nýtingu íbúðarhúsa á lóðinni.


## 2 Borgarhluti 2

### 2.1 Laugardalshverfi

- 2.1.1 Álftamýraskóli
- 2.1.2 Háteigsskóli
- 2.1.3 Langholtsskóli
- 2.1.4 Laugalækjarskóli
- 2.1.5 Laugarnesskóli
- 2.1.6 Vogaskóli

### 2.2 Kringluhverfi

- 2.2.1 Breiðagerðisskóli
- 2.2.2 Fösvogsskóli
- 2.2.3 Hlíðaskóli
- 2.2.4 Hvassaleitisskóli
- 2.2.5 Réttarholtsskóli



Uppdráttur sem sýnir staðsetningu borgarhluta 2.

## 2.1 Laugardalshverfi

### 2.1.1 Álftamýraskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>354 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>25.313 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.380 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>12.3m<sup>2</sup>/nem <sup>1)</sup></b>

1) gangarými er óvenjumikið í skólanum

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>389 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>11.6 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 2.1.1.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 370, myndi fjölga lítillega, og hverfið yrði í jafnvægi. Skólinn var tvísetinn að hluta. Gert var ráð fyrir 550-750 m<sup>2</sup> viðbyggingu ásamt innri breytingum.


#### 2.1.1.2 Staðan árið 2002

Verið er að ljúka við viðbyggingu við skólann alls um 679 m<sup>2</sup> auk innri breytinga. Skólinn er einsetinn. Heildarstærð skólans án íþróttarýmis er um 4.380 m<sup>2</sup>. Nemendur eru 354 þann 1. okt. 2002 í 1.-10. bekk og hefur nemendafjöldi lítið breyst frá 1996. Bekkjadeildir eru 19. Almennar kennslustofur eru 17. Við skólann er starfandi blindradeild.

#### 2.1.1.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Álftamýrarskóli tók til starfa árið 1964 voru 497 nemendur við skólann (mynd 11). Á næstu árum fjölgaði nemendum ört og 1970 náði nemendafjöldi hámarki, þá voru 1.126 nemendur við skólann. Á næstu 12 árum fækkaði nemendum ört og voru 389 árið 1982. Fæstir nemendur voru við skólann árið 1992 eða um 322. Um 1982 var hverfið nokkuð komið í jafnvægi og nemendafjöldi á bilinu 322-404. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfið haldist í jafnvægi og nemendafjöldi verði áfram á þessu bili (tafla 6).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu þrjú ár.




**Mynd 11.** Nemendafjöldi í Álftamýrarskóla á árunum 1964-2001 og spá til 2012.

**Tafla 6.** Spá um nemendafjölda í Álftamýrarskóli 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		Meðal-fjöldi
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	
363	360	358	361	366	389	350	428	389

Í skólahverfinu eru 2.913 íbúi í 1.261 íbúð, 6,4% íbúða eru sérbýli og 90,6% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,32 íbúar á íbúð og 11,7% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 12).



Mynd 12. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Álfamýrarskóla 2001.

#### 2.1.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir að meðalnemendafjöldi við skólann verði svipaður og hann er nú eða um 389 nemendur miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Núverandi húsnæði skólans mun fullnægja rýmisþörfinni miðað við þann fjölda.

#### 2.1.1.5 Framtíðarsýn

Ekki er gert ráð fyrir stækkun skólans eða innri breytingum miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

## 2.1.2 Háteigsskóli

<b>Fjöldi nemenda 2002/2003</b>	<b>377 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>11.492 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.352 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>11.5 m<sup>2</sup>/nem</b>

### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>424 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>300 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.652 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>11.0 m<sup>2</sup></b>

1) Lagt er til að aukinni rýmisþörf við skólann, sem er vegna þéttingar byggðar, verði mætt með lausum stofum fyrst um sinn.

### 2.1.2.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 382, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendafjöldi héldist að mestu óbreyttur og að skólinn yrði 20 bekkjadeildir til frambúðar. Skólinn var tvísetinn að hluta og kennt var í fjórum lausum kennslustofum. Lagt var til að byggt yrði við skólann 1.100 – 1.300 m<sup>2</sup> auk innri breytinga. Lokið er við viðbyggingu um 1.474 m<sup>2</sup> ásamt innri breytingum í skólanum.

### 2.1.2.2 Staðan árið 2002


Lokið er við viðbyggingu um 1.474 m<sup>2</sup> ásamt innri breytingum í skólanum. Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 377 þann 1. okt. 2002 og hefur lítið breyst frá 1996. Skólinn er nú um 4.352 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Bekkjadeildir eru 20. Kennt er í 20 kennslustofum. Nýbyggingin fullnægir húsrýmisþörf skólans í dag. Kennslustofur fyrir fyrsta bekk eru þó þröngar og með sameiginlegan inngang. Við skólann er móttökudeild fyrir nýbúa.

### 2.1.2.3 Spá um nemendafjölda

Háteigsskóli hóf göngu sína 1973. Nemendafjöldi náði hámarki fjórum árum síðar en þá voru 557 nemendur við skólann (mynd 13). Nemendum tók þá að fækka og árið 1985 voru 374 nemendur við skólann. Árið 1988 hafði nemendum fjölgað í 443 nemendur en nemendafjöldi náði svo lágmarki 5 árum síðar, 353 nemendur.

Í nemendasþá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni fjölga verulega, árið 2006 munu 500 nemendur vera við skólann en síðan mun verða fækkun (tafla 7).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Mun færri börn skiluðu sér í skólann haustið 2001 en áttu lögheimili í hverfinu eða aðeins 84% þeirra. Ætla má að a.m.k hluti þeirra sem ekki skiluðu sér hafi verið í Ísaksskóla. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,17 per íbúð.



Mynd 13. Nemendafjöldi í Háteigsskóla á árunum 1975-2001<sup>6</sup> og spá til 2012.

Fyrirhugað er að byggja 140 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin, 20 árið 2002, 20 árið 2003, 25 árið 2005 og 75 árið 2006. Árið 2012 munu 150 íbúðir verða byggðar til viðbótar. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.


Tafla 7. Spá um nemendafjölda í Háteigsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendasþá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>7</sup>
404	417	432	459	500	425	381	466	424

<sup>6</sup> Vantar upplýsingar um árin 1973-1974.

<sup>7</sup> 49 börn bætast við í Háteigsskóla vegna þéttingar (290 íbúðir)

Í skólahverfinu eru 4.980 íbúar í 2.282 íbúðum, 2% íbúða eru sérbýli og 98% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,18 íbúar á íbúð og 9,4% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 14).



Mynd 14. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Háteigsskóla

#### 2.1.2.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi verulega næstu árin vegna þéttingar byggðar í hverfinu. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 424 nemendum við skólann miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Húsnæði skólans er fullnýtt í dag og vandséð að hægt sé að bæta við mikið fleiri nemendum. Rýmisþörf skólans eykst a.m.k. um sinn á meðan mesta fjölgun nemenda gengur yfir vegna þéttingar byggðar. Stærð skólalóðar er í meðallagi. Þar eru stækkunarmöguleikar fyrir skólann. Kanna þarf hvort Ísaksskóli, sem er í nágrenni Háteigsskóla, hefur áhrif á húsnæðisþörfina til framtíðar.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 300 m<sup>2</sup>**

#### 2.1.2.5 Framtíðarsýn

Lagt er til að aukinni rýmisþörf næstu árin verði mætt með 2-3 lausum stofum 2003-2007 á meðan mesta fjölgun nemenda á sér stað samfara þéttingu byggðar. Að þeim tíma liðnum verði þörfin fyrir aukið framtíðarhúsnæði fyrir skólann metin á ný með tilliti til framtíðarstærðar skólans.

### 2.1.3 Langholtsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>533 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar, áætluð</b>	<b>22.000 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarými</b>	<b>5.917 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>11.1 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>588 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarrýmisþörf</b>	<b>400 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>6.317 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>10.7 m<sup>2</sup></b>

1) samkvæmt samkeppnistillögu sem hlaut 1. verðlaun

#### 2.1.3.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 550, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendafjöldi héldist að mestu óbreyttur og að skólinn yrði 26-27 bekkjadeildir til frambúðar. Skólinn var tvísetinn að hluta. Nokkuð rúmt var um ýmsa starfsemi skólans, en kennslurými vantaði. Lagt var til að byggt yrði við skólann um 200-250 m<sup>2</sup>, m.a. skólasalur og mötuneyti. Langholtsskóli er að mörgu leyti merkileg bygging með tilliti til byggingalistar. Mælt var með því að breytingar og endurbætur tækju mið af því.

#### 2.1.3.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 533 þann 1. okt. 2002 í 1.-10. bekk og hefur fækkað lítillega frá 1996. Bekkjadeildir eru 25. Skólinn er um 5.917 m<sup>2</sup> í dag án íþróttarýmis. Almennar kennslustofur eru 23. Nýlega var lokið við samkeppni um stækkun og breytingar á Langholtsskóla í samræmi við forsögn sem unnin var á vegum borgarinnar. Sérdeild fyrir einhverfa er við Langholtsskóla.

#### 2.1.3.3 Spá um nemendafjölda

Langholtsskóli hóf göngu sína árið 1952. Á sjötta aldursári náði nemendafjöldi hámarki þegar 1.190 nemendur voru í skólanum (mynd 15). Nemendum fækkaði um tæp fjögur hundruð næstu tvö ár en fjölgaði aftur upp í 1.129 árið 1970. Upp frá því fækkaði nemendum jafnt og þétt og árið 2001 voru fæstir nemendur við skólann eða

524. Eftir 1984 má segja að hverfið hafi náð jafnvægi, þ.e. nemendafjöldi var á bilinu 524 til 636. Í nemendasþá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfið haldist í jafnvægi (tafla 8).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Mun færri börn skiluðu sér í skólann haustið 2001 en áttu lögheimili í hverfinu eða aðeins um 76% þeirra. Stór hluti þeirra barna eru í Vogaskóla en mörk þessara skólahverfa hafa verið sveigjanleg.




Mynd 15. Nemendafjöldi í Langholtsskóla á árunum 1956-2001<sup>8</sup> og spá til 2012.

Tafla 8. Spá um nemendafjölda í Langholtsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendasþá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
542	548	575	587	592	592	529	647	588

<sup>8</sup> Vantar upplýsingar frá árunum 1952 -1956

Í skólahverfinu eru 6.027 íbúar í 2.740 íbúðum, 16,7% íbúða eru sérbýli og 83,3% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,2 íbúar á íbúð og 11,3% íbúa eru börn á skólaaldri (0,19 per íbúð) (mynd 16).



Mynd 16. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Langholtsskóla.

#### 2.1.3.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum við skólann fjölgi á næstu árum. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 588 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja úr samkeppninni verður gert nýtt miðrymi við skólann með inngangi, forsal, samkomusal, framleiðslueldhúsi o.fl.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 400 m<sup>2</sup>**

#### 2.1.3.5 Framtíðarsýn

Húsrými skólans verður fullnægjandi miðað við að hverfið sé í jafnvægi þegar viðbyggingu og innri breytingum verður lokið.

## 2.1.4 Laugalækjarskóli

**Fjöldi nemenda 1. okt. 2002** 284 nem  
**Árgangar** 7.-10. bekkur <sup>1)</sup>

**Stærðir í dag:**

**Heildarstærð lóðar, áætluð** 17.033 m<sup>2</sup>  
**Stærð skólahúss án íþróttarými** 2.936 m<sup>2</sup>  
**Lausar stofur á lóð** engin  
**Nýting húsnæðis** 10.3 m<sup>2</sup>/nem

**Áætlaðar stærðir eftir stækkun:**

**Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.** 241 nem  
**Áætluð viðbótarrýmisþörf** 780 m<sup>2</sup> <sup>2)</sup>  
**Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis** 3.716 m<sup>2</sup>  
**Áætluð nýting húsnæðis** 15.4 m<sup>2</sup>

2) samkvæmt samkeppnistillögu sem hlaut 1. verðlaun, bætast við um 780 m<sup>2</sup> vegna nýrrar tengibyggingar.

### 2.1.4.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 179 nemendur, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendum myndi hins vegar fjölga verulega vegna uppbyggingar í fyrirhuguðu Sóltúnshverfi. Laugalækjarskóli var einsetinn við afar þröngar aðstæður. Fósturskóli Íslands var þá í nyrðra húsinu á lóðinni. Lagt var til að byggð yrði við skólann, miðað við þáverandi nemendafjölda, um 600 – 800 m<sup>2</sup> viðbygging á milli skólans og Fósturskólans, auk innri breytinga á núverandi skólahúsi.

Gerð var sérskýrsla, um sérúttekt á skólahverfi Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla. Þar var velt upp ýmsum möguleikum á þróun Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla og hugsanlegum skóla fyrir Sóltúnshverfið. Í skýrslunni voru fjórir valkostir athugaðir. Lagt var til að allt hverfið og þróun þess yrði athugað betur með ýtarlegri úttekt.

Árið 1999 var gerð sérstök úttekt um rýmisþörf og framtíðaruppbyggingar á Laugarnes- og Laugarlækjarskóla á vegum Byggingadeildar borgarverkfræðings og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Lagðar voru fram heildstæðar tillögur að framtíðaruppbyggingu beggja grunnskóla í hverfinu. Þær myndu hafa innbyrðis áhrif á framtíðaruppbyggingu hvors skóla fyrir sig. Tillögurnar miðuðu við að veruleg aukning yrði í hverfinu frá því sem var árið 1996. Kostir og gallar hvernar tillögu voru metnir og lagt til að valið yrði á milli þeirra. Vert er að benda á að uppbygging Sóltúnshverfis er vel á veg komin og ljóst að mun færri nemendur koma úr því hverfi en gert var ráð fyrir vegna þess að minna er um barnafjölskyldur en reiknað var með.


### 2.1.4.2 Staðan árið 2002

Reykjavíkurborg keypti húsnæði Fósturskóla Íslands árið 2001 (1999?) og hefur það nú verið mikið endurbætt. Nemendafjöldi er um 300 í 7.-10. bekk. Fjölgað hefur verulega í skólanum frá síðasta ári vegna komu 7. bekkjar úr Laugarnesskóla. Stærð skólans, bæði norður og suðurhús án íþróttarýmis er um 2.936 m<sup>2</sup>. Bekkjadeildir eru 13. Almennar kennslustofur eru 12. Tungumálaver grunnskóla Reykjavíkur er við skólann. Haldin var samkeppni um framtíðarhúsnæði skólans og liggur niðurstaða hennar fyrir. Hún gerir m.a. ráð fyrir tengibyggingu milli húsanna.

### 2.1.4.3 Spá um nemendafjölda

Laugalækjarskóli var stofnaður árið 1960 með 222 nemendur (mynd 17). Árið 1966 náði nemendafjöldi hámarki en þá voru 884 nemendur við skólann<sup>9</sup> og árgangafjöldi annar en nú. Næstu 12 árin fækkaði nemendum ört og árið 1978 voru 185 nemendur við skólann. Upp frá því voru minni sveiflur í nemendafjölda, nemendur voru á bilinu 154-236. Í nemendaspá til næstu 10 ára er hins vegar búist við að nemendum fjölgi verulega og árið 2010 verði um 340 nemendur í skólanum (tafla 9).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Jafnframt hefur verið tekið tillit til þess að frá og með hausti 2002 er skólinn með 7.-10. bekk eða einum árgangi fleiri en síðustu ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,07 per íbúð.



Mynd 17. Nemendafjöldi í Laugalækjarskóla á árunum 1960-2001 og spá til 2012.


<sup>9</sup> Við skólann voru gagnfræðaprófs og framhaldsdeildir.

Fyrirhugað er að byggja 165 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu tíu árin, 65 árið 2002, 67 árið 2006 og 33 árið 2012. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 9. Spá um nemendafjölda í Laugalækjarskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.**

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal- fjöldi <sup>10</sup>
302	316	314	319	324	327	217	265	241

Í skólahverfinu eru 6.390 íbúar í 2.393 íbúðum, 6% íbúða eru sérbýli og 94% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,67 íbúar á íbúð og 11,1% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 18).



**Mynd 18.** Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Laugalækjarskóla.

#### 2.1.4.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi nokkuð á næstu árum. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 241 nemanda við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Samkeppnistillagan, sem valin var til útfærslu, gerir ráð fyrir að nemendur í Laugalækjarskóla verði um 300 að meðaltali og um 780 m<sup>2</sup> tengibyggingu á milli skólahúsanna. Heildarstærð skólans og viðbyggingar er áætluð um 3.716 m<sup>2</sup>. Tengibyggingin ásamt innri breytingum í núverandi húsum mun fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

**Áætluð viðbótarrýmishörf er um**

**780 m<sup>2</sup>**

<sup>10</sup> Meðalfjöldi miðast við 22. aldursár skólans (170), auk þess bættist 7. bekkur við haustið 2002 (226), síðan bættast við 15 vegna fjölgunar íbúða (241).

#### **2.1.4.5 Framtíðarsýn**

Húsrými skólans verður fullnægjandi þegar viðbyggingu og innri breytingum verður lokið miðað að hverfið sé í jafnvægi. Bent er á að þá verður rúmt um starfsemi skólans.

## 2.1.5 Laugarnesskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>420 nem<sup>1)</sup></b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-6. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar, áætluð</b>	<b>23.000 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.282 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 5 stk</b>	<b>325 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>7.8 m<sup>2</sup>/nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>510 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarýmisþörf</b>	<b>950 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.242 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>8.3 m<sup>2</sup>/nem</b>

### 2.1.5.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 407 nemendur, væri nálægt jafnvægi, en að hverfið væri þó að yngjast upp. Gert var ráð fyrir að nemendum myndi hins vegar fjölga verulega vegna uppbyggingar í fyrirhuguðu Sóltúnshverfi. Skólinn var einsetinn við þröngar aðstæður. Lagt var til að byggt yrði við skólann miðað við þáverandi nemendafjölda um 500 – 800 m<sup>2</sup>.

Gerð var sérskýrsla, um sérúttekt á skólahverfi Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla. Þar var velt upp ýmsum möguleikum á þróun Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla og hugsanlegum skóla fyrir Sóltúnshverfið. Í skýrslunni voru fjórir valkostir athugaðir. Lagt var til að allt hverfið og þróun þess yrði athugað betur með ítarlegri úttekt.

Árið 1999 var síðan gerð önnur úttekt um rýmisþörf og framtíðaruppbyggingar á Laugarnes- og Laugarlækjarskóla á vegum Byggingadeildar borgarverkfræðings og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Lagðar voru fram heildstæðar tillögur að framtíðaruppbyggingu beggja grunnskóla í hverfinu. Þær myndu hafa innbyrðis áhrif á framtíðaruppbyggingu hvors skóla fyrir sig. Tillögurnar miðuðu við að veruleg aukning yrði í hverfinu frá því sem var árið 1996. Kostir og gallar hverrar tillögu voru metnir og lagt til að valið yrði á milli þeirra. Vert er að benda á að uppbygging Sóltúnshverfis er vel á veg komin og ljóst að mun færri nemendur koma úr því hverfi en gert var ráð fyrir vegna þess að minna er um barnafjölskyldur en reiknað var með.

### 2.1.5.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Kennt er í 5 lausum kennslustofum. Stærð skólans án íþróttarýmis er um 3.282 m<sup>2</sup> og nemendur 420 þann 1. okt. 2002 í 1.-6. bekk. Við upphaf þessa skólaárs flutti 7. bekkur í Laugalækjarskóla og hefur nemendum því fækkað verulega. Bekkjadeildir eru 19. Almennar kennslustofur eru 18.

Laugarnesskóli er um margt merkileg og sérstæð bygging, þar sem meginhluti skólans er byggður utan um opið miðrými. Taka þarf tillit til þess varðandi breytingar á skólanum. Almenn sérdeild er við skólann. Húsrymisáætlun gerir ráð fyrir að bæta þurfi um 950 m<sup>2</sup> við skólann auk innri breytinga.

### 2.1.5.3 Spá um nemendafjölda

Laugarnesskóli tók til starfa árið 1935. Árið 1956 var skólinn með 1.508 nemendur og hafa þeir aldrei orðið fleiri (mynd 19). Nemendum fækkaði ört og árið 1965 voru 724 nemendur við skólann. Árið 1970 voru 990 nemendur í skólanum en 1980 voru nemendur 438, sem er lágmark í nemendafjölda. Upp úr 1987 var hverfið komið í nokkuð jafnvægi. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfið haldist í jafnvægi (tafla 10).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Jafnframt hefur verið tekið tillit til þess að einum árgangi færra er nú í skólanum en haustið 2002 flutti 7. bekkur yfir í Laugalækjarskóla. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,22 per íbúð.



Mynd 19. Nemendafjöldi í Laugarnesskóli á árunum 1935-2000<sup>11</sup> og spá til 2012.


Fyrirhugað er að byggja 165 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu tíu árin, 65 árið 2002 og 67 árið 2006 og 33 árið 2012. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

<sup>11</sup> Vantar upplýsingar um nemendafjölda frá árunum 1935-1956.

**Tafla 10.** Spá um nemendafjölda í Laugarnesskóli 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal- fjöldi
473	491	502	500	523	530	459	561	510

Í skólahverfinu eru 6.390 íbúar í 2.393 íbúðum, 6% íbúða eru sérbýli og 94% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,67 íbúar á íbúð og 11,1% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 20).



**Mynd 20.** Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Laugarnesskóla.

#### 2.1.5.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi talsvert á næstu árum. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 510 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Samkvæmt hugmyndum um stækkun Laugarnesskóla ásamt innri breytingum verður rýmishöfn hans fullnægt. Í viðbyggingu er m.a. gert ráð fyrir skólasal, eldhúsi, tónmenntastofu, myndmennta- og hússtjórnarstofu. Breytingar eru fyrirhugaðar á elsta hluta skólans (austurhluta). Þar verður skólasafn, tölvuver og öll aðstaða skólastjórnenda, kennara og starfsfólks, sem verður endurskoðuð frá grunni. Áætluð heildarstærð skólans og viðbyggingar er áætluð um 4.242 m<sup>2</sup>.

**Áætluð viðbótarrýmishöfn er um 950 m<sup>2</sup>**

#### 2.1.5.5 Framtíðarsýn

Samkvæmt þeim hugmyndum sem fyrir liggja um viðbyggingu og innri breytingar verður húsnæði skólans fullnægjandi þegar hverfið verður komið í jafnvægi.

## 2.1.6 Vogaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>410 nem <sup>1)</sup></b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

<sup>1)</sup> um 20-30 nemendur úr Langholtshverfi eru í Vogaskóla

### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar,</b>	<b>sameiginleg með menntaskóla</b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>2.750 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð eru 6</b>	<b>390 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>6.7 m<sup>2</sup>/nem</b>

### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>351 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarýmisþörf um</b>	<b>1.250 m<sup>2</sup> <sup>2)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis um</b>	<b>4.000 m<sup>2</sup> <sup>3)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>11.4 m<sup>2</sup>/nem</b>

<sup>2)</sup> Rýmisþörf samkvæmt skýrslu um rýmisathugun og viðbyggingamöguleika frá júlí 2000.

<sup>3)</sup> Miðað er við að MS flytji úr húsnæði sínu og að Vogaskóli fái sitt gamla húsnæði.

### 2.1.6.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 310 nemendur, væri nálægt jafnvægi. Stöðug fjölgun hafði átt sér stað en mannfjöldaspáin frá 1996 gerði ráð fyrir að henni væri að ljúka. Niðurstaða áfangaskýrslu var að miða rýmisþörf skólans við um 17 bekkjadeildir og um 310 nemendur, en vakin var athygli á því að skólinn gæti auðveldlega orðið 20 bekkjadeildir ef mannfjöldaspáin breyttist. Miðað var við 600-700 m<sup>2</sup> viðbyggingu og innri breytingar. Gerð var sérstök úttekt á húsnæðisþörf Vogaskóla og MS árið 2000. Þá var ljóst að mannfjöldaspá Borgarskipulags frá 1996 myndi ekki ganga eftir og að fjölga myndi meira í skólanum. Í þeirri húsrýmisáætlun var gert ráð fyrir að skólinn yrði með 350 nemendur að meðaltali. Gert var ráð fyrir um 1.250 m<sup>2</sup> viðbótarýmisþörf og að byggt yrði við skólann þótt að skólalóðin væri mjög aðþrengd.


### 2.1.6.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn við þröngar aðstæður. Stærð núverandi skólabyggingar án íþróttasalar er um 2.750 m<sup>2</sup> og nemendur eru 410 þann 1. okt. 2002 í 1.-10. bekk. Fjölgað hefur um 100 nemendur síðan 1996. Kennt er í 6 lausum kennslustofum. Almennar kennslustofur eru 11. Bekkjadeildir eru 20. Fyrir liggur að MS muni flytja úr húsnæði sínu og Vogaskóli fái aftur fyrra húsnæði sitt.

### 2.1.6.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Vogaskóli tók til starfa árið 1958 voru nemendur 256 talsins (mynd 21). Nemendum fjölgaði ört og á 8 ára afmæli skólans náði nemendafjöldi hámarki eða 1.623 nemendur. Nemendum fækkaði svo ört á næstu árum en um 1979 var hverfið komið í jafnvægi og nemendur á bilinu 257-403. Fæstir voru nemendur 257 árið 1988. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfið haldist í jafnvægi og nemendur verði á bilinu 316-386 (tafla 11).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Mun fleiri börn skiluðu sér í skólann haustið 2001 en áttu lögheimili í hverfinu eða um 20% fleiri. Stór hluti þeirra barna ættu að vera í Langholtsskóla en mörk skólahverfanna hafa verið sveigjanleg.




Mynd 21. Nemendafjöldi í Vogaskóla á árunum 1958-2001 og spá til 2012.

Tafla 11. Spá um nemendafjölda í Vogaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærra mörk	Meðal-fjöldi
366	357	344	341	370	370	316	386	351

Í skólahverfinu eru 2.607 íbúar í 1.094 íbúðum, 9% íbúða eru sérbylí og 91,% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,38 íbúar á íbúð og 12,5% íbúa eru börn á skólaaldri (0,36 per íbúð) (mynd 22).



Mynd 22. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Vogaskóla.

#### 2.1.6.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir svipuðum nemendafjölda við skólann og nú er. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 351 nemanda við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Samkvæmt rýmisúttektinni frá árinu 2000 eru mörg rými of þröng eða vantar. Hússtjórnarkennsla og íþróttakennsla fara fram í húsnæði MS. Stjórnunaraðstaða þarfnast endurskoðunar í heild sinni. Miðað við áætlaðan nemendafjölda vantar almennar kennslustofur, fjölnýtistofu, hússtjórnarstofu, tónlistarstofu, sérkennsluver og hópherbergi. Framleiðslueldhús vantar við sal, aðstöðu fyrir skóladagvist og félagsaðstöðu eldri nemenda vantar. Lyftu vantar í skólann.

Áætluð viðbótarrymisþörf er um

1.250 m<sup>2</sup>

#### 2.1.6.5 Framtíðarsýn

Fyrir liggur að MS muni flytja í annað húsnæði og Vogaskóli fá aftur sitt fyrra hús. Ekki liggur ljóst fyrir hvenær það verður. Við flutninginn fengi skólinn það húsnæði sem vantar til þess að fullnægja rýmisþörfinni miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Vogaskóli myndi þó aðeins nota hluta af húsnæði MS. Bent er á að húsnæði sem Vogaskóli nýtir ekki verður til ráðstöfunar fyrir aðra starfsemi.

## Kringluhverfi

### 2.1.7 Breiðagerðiskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>378 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar (áætlað )</b>	<b>20.000 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>2.930 m<sup>2</sup></b>
<b>Staðarborg</b>	<b>362 m<sup>2</sup></b>
<b>Alls</b>	<b>3.292 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 5 stk, alls um</b>	<b>325 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>7.7 m<sup>2</sup>/nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>328 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarýmisrýmisþörf</b>	<b>900m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.192 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.8 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 2.1.7.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 286, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendafjöldi héldist að mestu óbreyttur. Lagt var til að húsnæði leikskólans Staðarborgar yrði notað, gerðar innri breytingar á núverandi húsi auk þess sem byggð yrði um 200-400 m<sup>2</sup> viðbygging. Húsnæði Staðarborgar er alls um 362 m<sup>2</sup>.


#### 2.1.7.2 Staðan árið 2002

Húsnæði Staðarborgar er notað til kennslu yngstu bekkja og þar er einnig skóladagvist. Þröngt er um þessa starfsemi en með breyttum kennsluháttum tekst að nýta húsnæðið vel. Skólinn er einsetinn. Heildarstærð skólans án íþróttarýmis er nú um 3.292 m<sup>2</sup>. Nemendur eru 378 þann 1. okt. 2002 í 1.-7. bekk og hefur fjölgað um 93 frá 1996. Bekkjadeildir eru 17. Almennar kennslustofur eru 13 í dag. Skortur er á húsnæði miðað við núverandi nemendafjölda. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni til framtíðar. Kennt er í 5 færanlegum kennslustofum. Þar af eru tvær nýttar fyrir kennslu í sérgreinum. Nokkur kennslurými í skólanum fullnægja varla kröfum um nútímakennsluhúsnæði, s.s. myndmenntastofa og handmenntastofa. Almenn sérdeild er við skólann í dag. Forsagnarhópur er starfandi vegna forsagnar fyrir skólann.

### 2.1.7.3 Spá um nemendafjölda

Breiðagerðisskóli hóf göngu sína árið 1955. Árið 1956 voru 810 nemendur í skólanum (mynd 23). Sex árum síðar, árið 1962 náði nemendafjöldi svo hámarki þegar 1409 nemendur voru við skólann. Nemendum fækkaði svo að segja stöðugt til ársins 1985, en þá voru nemendur fæstir eða 280 talsins. Frá 1978 hefur hverfið verið í jafnvægi, nemendur á bilinu 280 til 392. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendafjöldi verði svipaður eða um 330-390 (tafla 12).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




**Mynd 23.** Nemendafjöldi í Breiðagerðisskóla á árunum 1955-2001 og spá til 2012.

**Tafla 12.** Spá um nemendafjölda í Breiðagerðisskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
379	383	391	368	371	328	295	361	328

Í skólahverfinu eru 4.000 íbúar í 1.480 íbúðum, 43,1% íbúða eru sérbýli og 56,9% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,7 íbúar á íbúð og 13,7% íbúa eru börn á skólaaldri (0,25 per íbúð) (mynd 24).



Mynd 24. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Breiðagerðisskóla.

#### 2.1.7.4 Mat á húsnæðisþörf

Reiknað er með að nemendum fjölgi frá því sem nú er næstu árin en taki síðan að fækka aftur. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 328 nemendum við skólann þegar hverfið er komið í jafnvægi. Húsnæði skólans er nú of lítið og þarfnast endurskoðunar. Ýmis rými vantar við skólann eða eru þröng. Stjórnunaraðstaða þarfnast endurskoðunar í heild sinni. Miðað við nemendafjölda í dag vantar almennar kennslustofur, raungreinastofu, hannyrðastofu, fjölnýtistofu, hússtjórnarstofu, áhaldageymslur og hópherbergi. Myndmenntastofa er of lítil og handavinnustofa er úr sér gengin, sérkennslustofa, tölvustofa og skólasafn eru of lítil. Framleiðslueldhús vantar og taka þarf afstöðu til þess hvar nemendur munu matast. Aðstöðu fyrir nemendaráð og foreldrafélag vantar. Lyftu vantar í húsið. Rými er nægjanlegt á lóð skólans til stækkunar. Forsagnarhópur gerir ráð fyrir að byggt verði við skólann og gerðar innri breytingar.

Áætluð viðbótarrýmisþörf er um

900 m<sup>2</sup>

#### **2.1.7.5 Framtíðarsýn**

Byggja þarf við Breiðagerðisskóla til þess að hann fullnægi rýmisþörf til framtíðar miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Breiðagerðisskóli er sérstæð bygging byggingarlistarlega séð og þarf viðbygging að taka mið af því. Viðbygging til suðurs út úr stjórnunarálmum, sem er miðsvæðis, myndi líklega breyta útliti hússins minnst auk þess sem hún væri miðlæg í skólanum og vel staðsett sem slík.

## 2.1.8 Fossvogsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>356 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>20.758 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.860 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.9 m<sup>2</sup>/nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi</b>	<b>308 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.5 m<sup>2</sup>/nem</b>

### 2.1.8.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 283, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendafjöldi héldist að mestu óbreyttur. Kennt var í 5 lausum stofum á lóð. Talvert ónotað kjallararými var í skólanum. Lagt var til að byggt yrði við skólann 750 – 900 m<sup>2</sup> auk innri breytinga.


### 2.1.8.2 Staðan árið 2002

Lokið er við viðbyggingu um 1.460 m<sup>2</sup>. Skólinn er einsetinn. Nemendur eru um 356 þann 1. okt. 2002 í 1.-7. bekk og hefur fjölgað um 73 frá 1996. Bekkjadeildir eru 16. Heildarstærð skólans án íþróttarýmis er um 3.860 m<sup>2</sup>. Almennar kennslustofur eru 16. Unnið er að innri breytingum í skólanum.

### 2.1.8.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Fossvogsskóli tók til starfa árið 1971 voru 286 nemendur í skólanum (mynd 25). Nemendum fjölgaði ört næstu fimm árin og náði nemendafjöldinn hámarki árið 1976 þegar 748 nemendur voru í skólanum, Síðan fækkaði nemendum ört og árið 1990 var nemendafjöldi í lágmarki, 280 nemendur. Nemendur voru 356 árið 1999. Hverfið hefur verið nokkuð í jafnvægi frá árinu 1987 en nemendafjöldi hefur verið á bilinu 281-356. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendafjöldi muni halda áfram að sveiflast á þessu bili (tafla 13).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 25. Nemendafjöldi í Fossvogsskóla á árunum 1971-2001 og spá til 2012.

Tafla 13. Spá um nemendafjölda í Fossvogsskóli 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
352	337	328	305	284	311	277	339	308

Í skólahverfinu eru 3.903 íbúar í 1.475 íbúðum, 43,8% íbúða eru sérþýli og 56,2% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 2,65 íbúar á íbúð og 14% íbúa eru börn á skólaaldri (0,23 per íbúð) (mynd 26).



Mynd 26. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Fossvogsskóla.

#### 2.1.8.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki við skólann þar til hverfið er komið í jafnvægi. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 308 nemendum við skólann þegar hverfið er komið í jafnvægi. Núverandi húsnæði skólans mun fullnægja rýmisþörfinni miðað við þær áætlanir.

#### 2.1.8.5 Framtíðarsýn

Ekki er gert ráð fyrir frekari stækkun skólans eða innri breytingum miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

## 2.1.9 Hlíðaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>571 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>16.000 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.977 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>8.6 m<sup>2</sup>/nem</b>

1) Húsnæði Vesturhlíðarskóla er ekki talið með.

### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>513 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>1.948 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>6.925 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.5 m<sup>2</sup>/nem</b>

### 2.1.9.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 540, væri nálægt hámarki. Gert var ráð fyrir að nemendum myndi fækka um 15% til framtíðar. Skólinn var tvísetinn að hluta. Allmikið rými í kjallara skólans var ónothæft vegna legu sinnar og skorts á dagsbirtu. Kennnt var í fjórum lausum stofum á lóð.

Lagt var til að byggt yrði við skólann 800 – 900 m<sup>2</sup> auk innri breytinga, sem miðuðu við að unnt yrði að nota mestan hluta af kjallararými skólans. Einnig var gert ráð fyrir að skóladagvist og 2 smíðastofur yrðu um sinn áfram í lausum stofum þangað til að nemendum fækkaði í skólanum.


### 2.1.9.2 Staðan árið 2002

Hafist var handa haustið 2001 við að reisa viðbyggingu sem er um 1.948 m<sup>2</sup> ásamt innri breytingum. Viðbyggingin er mun stærri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Það er m.a. vegna þess að ekki hefur fækkað í hverfinu eins og gert var ráð fyrir og rými fyrir skóladagvist, smíðastofur, framleiðslueldhús ásamt öðrum rýmum hefur verið bætt við endanlega forsögn skólans, auk þess sem ákveðið hefur verið að Vesturhlíðarskóli sem er sérskóli fyrir heyrnarskert börn sameinist Hlíðaskóla. Skólinn var einsettur haustið 2002. Nemendur eru 571 þann 1. okt. 2002 í 1.-10. bekk. Nemendafjöldi skólans hefur lítið breyst frá 1996. Bekkjadeildir eru 28. Almennar kennslustofur eru 25. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við nýbyggingu og breytingar ljúki á árinu 2003.

### 2.1.9.3 Spá um nemendafjölda

Hlíðaskóli hóf göngu sína 1955. Árið 1956 voru 194 nemendur við skólann (mynd 27). Nemendum fjölgaði ört á næstu árum og 1964 voru 1320 nemendur við skólann. Þá fækkaði nemendum ört aftur og 1981 voru 419 nemendur við skólann. Eftir 1985 hefur hverfið verið í jafnvægi þ.e. nemendafjöldi á bilinu 462 til 564 (tafla 14). Í spá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfið muni haldast í jafnvægi.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.



Mynd 27. Nemendafjöldi í Hlíðaskóla á árunum 1956-2001<sup>12</sup> og spá til 2012.


Tafla 14. Spá um nemendafjölda í Hlíðaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi<sup>13</sup>.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal-fjöldi
548	561	561	573	571	513	462	564	513

<sup>12</sup> Vantar upplýsingar um nemendafjölda árið 1955.

<sup>13</sup> Vesturhlíðarskóli er ekki inn í þessum nemendatölum, en þar eru um 20 nemendur.

Í skólahverfinu eru 4.389 íbúar í 1.779 íbúðum, 9,6% íbúða eru sérþýli og 90,4% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 2,47 íbúar á íbúð og 13% íbúa eru börn á skólaaldri (0,31 per íbúð) (mynd 28).



Mynd 28. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Hlíðaskóla.

#### 2.1.9.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi næstu árin, en taki að fækka eftir 2007. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 513 nemendum við skólann þegar hverfið kemst í jafnvægi. Með viðbyggingu við skólann og innri breytingum verður rými fullnægjandi miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Vesturhlíðarskóli verður til húsa í Hlíðaskóla.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 1.948 m<sup>2</sup>**

Enn standa yfir framkvæmdir við skólann.

#### 2.1.9.5 Framtíðarsýn

Húsrými skólans verður fullnægjandi miðað við að hverfið sé í jafnvægi þegar viðbyggingu og innri breytingum verður lokið.

### 2.1.10 Hvassaleitisskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>325 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>16.394 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.594 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>11.1 m<sup>2</sup>/nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi</b>	<b>288 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.5 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 2.1.10.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 395, færi fækkandi. Skólinn var tvísetinn að mestu leyti. Kennnt var í fjórum lausum stofum á lóð. Lagt var til að byggt yrði við skólann um 1.100 – 1.300 m<sup>2</sup> auk innri breytinga.


#### 2.1.10.2 Staðan árið 2002

Lokið er við viðbyggingu, um 970 m<sup>2</sup> að stærð, sem er minna en gert var ráð fyrir og gerðar innri skipulagsbreytingar á eldra húsnæði. Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 325 þann 1. okt. 2002 í 1.-10. bekk og hefur fækkað um 70 frá 1996. Fámennt er í sumum bekkjardeildum. Bekkjadeildir eru 16. Stærð skólans án íþróttarýmis er um 3.594 m<sup>2</sup>. Almennar kennslustofur eru 18. Nýbyggingin fullnægir húsrýmisþörf skólans.

#### 2.1.10.3 Spá um nemendafjölda

Hvassaleitisskóli hóf göngu sína árið 1965 með 162 nemendur (mynd 29). Nemendafjöldi náði hámarki 1971 þegar 628 nemendur voru við skólann. Nemendum fækkaði svo til ársins 1983 en þá voru 350 nemendur við skólann. Þá varð aftur fjölgun og 1988 voru 482 nemendur við skólann. Ástæða fyrir þessari fjölgun er sennilega sú að á níunda áratugnum byggðist Kringluhverfi upp. Upp frá því hefur nemendum smám saman fækkað og í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni fækka enn frekar (tafla 15). Árið 2008 er gert ráð fyrir 277 nemendum í skólanum. Gera má ráð fyrir að hverfið sé við það að ná jafnvægi.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




**Mynd 29.** Nemendafjöldi í Hvassaleitisskóla á árunum 1965-2001 og spá til 2012.

**Tafla 15.** Spá um nemendafjölda í Hvassaleitisskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>14</sup>
324	312	302	293	288	288	259	317	288

<sup>14</sup> Miðað er við 22. aldursár frá uppbyggingu Kringluhverfis.

Í skólahverfinu eru 3.242 íbúar í 1.464 íbúðum, 19,1% íbúða eru sérbýli og 80,9% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,21 íbúar á íbúð og 10,1% íbúa eru börn á skólaaldri (0,23 per íbúð) (mynd 30).



Mynd 30. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Hvassaleitisskóla.

#### 2.1.10.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki á næstu árum. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 288 nemendum við skólann þegar hverfið er komið í jafnvægi. Núverandi húsnæði fullnægir rýmisþörf miðað við það. Áfram verður fámennt í sumum bekkjum.

#### 2.1.10.5 Framtíðarsýn

Ekki er gert ráð fyrir stækkun skólans eða innri breytingum miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

### 2.1.11 Réttarholtsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>322 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>8.-10. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar (áætluð )</b>	<b>25.800 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.749 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis um</b>	<b>1)</b>

1) ekki er rétt að reikna nýtingu á húsnæði þar sem hluti húsnæðis er notaður undir aðra kennslustarfsemi s.s. myndver sem þjónar öllum grunnskólum borgarinnar

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>338 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarýmisþörf</b>	<b>250 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt <sup>2)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>ath <sup>3)</sup></b>

2) Hægt er að gera innri breytingar án stækkunar skólans

3) Framtíðarnýting húsnæðis ræðst af annarri starfsemi sem þar verður

#### 2.1.11.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 269, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendafjöldi skólans héldist að mestu óbreyttur. Réttarholtsskóli er safnskóli fyrir nemendur úr Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla. Húsnæði skólans var einnig nýtt undir þrjár sérdeildir og 5 fornámsdeildir. Það var því talið fullnægjandi fyrir grunnskólann miðað við að gerðar yrðu innri breytingar til þess að aðlaga húsnæðið að nýjum þörfum.


#### 2.1.11.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 322 þann 1. okt. 2002 í 8.-10. bekk og hefur fjölgað um 53 frá 1996. Bekkjadeildir eru 13. Almennar kennslustofur eru 13 í dag. Skólinn er alls um 3.749 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Hafist er handa við innri breytingar. Sérdeild í Bjarkarhlíð tilheyrir skólanum. Einnig er í skólanum fjölnámsdeild fyrir Reykjavík með 16 nemendum, auk annarrar sérdeildar og myndvers grunnskóla Reykjavíkur.

### 2.1.11.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Réttarholtsskóli tók til starfa árið 1956 var 181 nemandi í skólanum (mynd 31). Þrettán árum síðar náði nemendafjöldi hámarki þegar nemendur voru 766 talsins. Nemendum fækkaði ört og um 1980 var hverfið komið í nokkurt jafnvægi. Nemendafjöldi náði svo lágmarki árið 1999 en þá voru 259 nemendur við skólann. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum fjölgi heldur og nemendafjöldi verði á bilinu 312-380 (tafla 16).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Heldur fleiri börn skiluðu sér í skólann haustið 2001 en áttu lögheimili í hverfinu eða um 11% fleiri.




Mynd 31. Nemendafjöldi í Réttarholtsskóla á árunum 1956-2001 og spá til 2012.

Tafla 16. Spá um nemendafjölda í Réttarholtsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>15</sup>
331	343	337	367	380	312	304	372	338

<sup>15</sup> Miðað er við að jafnvægi náist ekki fyrir en á 32. aldursári vegna uppbyggingar Fossvogshverfis á 7. og 8. áratug.

Í skólahverfinu eru 7.903 íbúar í 2.956 íbúðum, 43,4% íbúða eru sérbýli og 56,6% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,67 íbúar á íbúð og 14% íbúa eru börn á skólaaldri (0,11 per íbúð) (mynd 32).



Mynd 32. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Réttarholtsskóla.

#### 2.1.11.4 Mat á húsnæðisþörf

Nemendum skólans mun fjölga nokkuð á næstu árum en fækka aftur fram til ársins 2012. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 338 nemendum þegar hverfið er komið í jafnvægi. Húsnæði Réttarholtsskóla getur tekið við þeirri fjölgun nemenda en þá þarf hugsanlega að flytja einhverja starfsemi úr húsinu sem er fyrir alla Reykjavík. Kanna þarf sérstaklega hvaða áhrif tímabundin fjölgun hefur og hvernig aukinni rýmisþörf verður viðkomið. Í stjórnunarrými vantar aðstöðu fyrir ljósritun, tölvuprentun og skjalageymslu. Einnig vantar fjölnýtistofu og hópherbergi. Framleiðslueldhús vantar, snyrtingar og skógeymslur. Almenn t vantar geymslur fyrir skólann.

Áætluð viðbótarrýmisþörf er um

250 m<sup>2</sup>

#### 2.1.11.5 Framtíðarsýn

Gert er ráð fyrir að hægt verði að fullnægja viðbótarrýmisþörf Réttarholtsskóla með innri breytingum á núverandi húsnæði miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Til þess að það sé hægt þarf hluti þeirrar starfsemi sem fyrir er að flytja annað. Bent er á að samkvæmt nýrri stefnu Reykjavíkurborgar um sérkennslu verða almennar sérdeildir sem þjóna fleiri en einum skóla lagðar niður. Leysa þarf tímabundna rýmisþörf við Réttarholtsskóla með einni til tveimur lausum stofum á árunum 2005-2007.


## 3 Borgarhluti 3

### 3.1 Breiðholtshverfi

- 3.1.1 Breiðholtsskóli
- 3.1.2 Fellaskóli
- 3.1.3 Hólabrekkuskóli
- 3.1.4 Seljaskóli
- 3.1.5 Ölduselsskóli

### 3.2 Árbæjarhverfi

- 3.2.1 Árbæjarskóli
- 3.2.2 Ártúnsskóli
- 3.2.3 Ingunnarskóli
- 3.2.4 Selásskóli



Uppdráttur sem sýnir borgarhluta 3.

### 3.1 Breiðholtshverfi

#### 3.1.1 Breiðholtsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>615 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>26.781m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.505 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 5 stk, alls um</b>	<b>325 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>8.9 m<sup>2</sup>/ nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi</b>	<b>631 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarrýmisþörf um</b>	<b>800 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>6.305 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>10.0 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### 3.1.1.1 Staðan árið 1996

Byggt var við Breiðholtsskóla árið 1995 samkvæmt áætlunum um rýmisþörf, sem gerðar voru áður en áfangaskýrslan var unnin 1996. Í áfangaskýrslunni var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 556, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendum myndi jafnvel fækka lítillega. Samkvæmt áfangaskýrslu átti aðallega að mæta aukinni húsrýmisþörf með breytingum innanhúss, sérstaklega í kjallara og með nýju húsnæði fyrir skólalagvist, alls um 110 m<sup>2</sup>.

##### 3.1.1.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn við þröngar aðstæður. Nemendur eru 615 þann 1. okt. 2002 og húsnæði skólans er um 5.505 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Nemendum hefur fjölgað um 59 frá 1996. Bekkjadeildir eru 30. Gerðar hafa verið ýmsar endurbætur innanhúss. Almennar kennslustofur eru 25 ef tónmenntastofa er talin með, en kennt er í henni. Tónmenntakennsla skólans fer fram í sal skólans. Skortur er í dag á húsnæði og er kennt í 5 lausum stofum. Við skólann er móttökudeild fyrir nýbúa.

##### 3.1.1.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Breiðholtsskóli tók til starfa árið 1969 voru 688 nemendur í skólanum (mynd 33). Tveimur árum síðar náði nemendafjöldi hámarki en þá voru 1.433 nemendur við skólann. Síðan þá fækkaði nemendum jafnt og þétt til ársins 2000 þegar 476 nemendur voru við skólann og jafnframt fæstir nemendur í sögu skólans. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni fjölga (tafla 17).

Þrátt fyrir að hverfið sé í jafnvægisástandi má gera ráð fyrir nokkrum sveiflum frá því sem nú er.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,40 per íbúð.




**Mynd 33.** Nemendafjöldi í Breiðholtsskóla á árunum 1969-2001 og spá til 2012.

Fyrirhugað er að byggja 76 nýjar íbúðir í skólahverfinu á næstu tíu árum og verða 16 byggðar 2002 og 60 á árunum 2007-2012. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 17.** Spá um nemendafjölda í Breiðholtsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal- fjöldi
611	628	624	629	630	654	568	694	631

Í skólahverfinu eru 3.998 íbúar í 1.491 íbúðum, 15,7% íbúða eru sérbýli og 84,3% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 2,7 íbúar á íbúð og 14,8% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 34).



Mynd 34. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Breiðholtsskóla.

### 3.1.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 631 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Í stjórnunarrými skólans vantar rými fyrir námsráðgjafa og sálfræðing. Heilsugæsla er alveg úr tengslum við stjórnunarrými. Hana mætti færa og nota rýmið undir aðra starfsemi. Það vantar almennar kennslustofur og fjölnýttistofu. Skóladagvist vantar varanlegt rými. Þröngt er um félagsrými eldri nemenda og herbergi vantar fyrir nemenda- og foreldraráð. Lyftu vantar í skólann. Skólahljómsveit Breiðholts er með aðstöðu við sal skólans. Talsvert vannýtt rými er í kjallara skólans, en það er gluggalaust. Húsnæði skólans mun ekki fullnægja rýmisþörfinni til framtíðar miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Lóð skólans er allstór og viðbyggingamöguleikar eru til staðar.

Áætluð viðbótarrýmisþörf er um:

**800 m<sup>2</sup>**

### 3.1.1.5 Framtíðarsýn

Byggja þarf við Breiðholtsskóla til þess að hann fullnægi rýmisþörf miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Kanna þarf hvernig nýta má betur húsnæði í kjallara skólans.

### 3.1.2 Fellaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>506 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>18.254 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttasarymis</b>	<b>7.425 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>14.6 m<sup>2</sup>/nem<sup>1)</sup></b>

1) húsnæði Fellahellis, áður félagsmiðstöðvar, er í dag mótuneyti fyrir skólann og félagsmiðstöð fyrir unglunga í hverfinu. Húsnæðið er rúmgott og hækkar nýtingu húsnæðisins á hvern nemenda.

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>575 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.9 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 3.1.2.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 567, væri nálægt jafnvægi. Gert var ráð fyrir að nemendafjöldi héldist svipaður. Skólinn var tvísetinn að hluta. Samkvæmt áfangaskýrslu var gert ráð fyrir 500 – 700 m<sup>2</sup> viðbyggingu við skólann og innri breytingum í eldri byggingum. Einnig var gert ráð fyrir að húsnæði í félagsmiðstöðinni Fellahelli yrði notað betur fyrir skólann.

#### 3.1.2.2 Staðan árið 2002


Byggt var við skólann um 834 m<sup>2</sup> viðbygging auk tengigangs ásamt talsverðum innri breytingum m.a. mótuneyti. Skólinn er einsetinn. Nemendur eru um 506 þann 1. okt. 2002 í 1.-10. bekk og hefur fækkað um 61 frá 1996. Lokið er við viðbyggingu og verið að ljúka við breytingar á eldri húsum. Bekkjadeildir eru 26. Skólinn er nú um 7.425 m<sup>2</sup> án íþróttahúsnæðis. Almennar kennslustofur eru 26 og almenn sérdeild er við skólann. Í kjallara er ófrágengið rými sem áætlað er að nota fyrir listasmiðju fyrir grunnskóla Reykjavíkur.

#### 3.1.2.3 Spá um nemendafjölda

Skólinn tók til starfa árið 1972 með 671 nemanda (mynd 35). Þremur árum síðar náði nemendafjöldi hámarki en þá voru 1.527 nemendur við skólann. Síðan hefur

nemendum fækkað jafnt og þétt og þétt og árið 2001 var lágmark í nemendafjölda eða 528 nemendur við skólann. Svo virðist sem hverfið sé komið í jafnvægi því síðan 1993 hafa nemendur verið á bilinum 518 til 633. Í nemendaspá til næstu tíu ára er gert ráð fyrir að nemendur verði áfram á þessu bili (tafla 18).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Mun færri börn skiluðu sér í skólann haustið 2001 en áttu lögheimili í hverfinu eða aðeins 83% þeirra.




**Mynd 35.** Nemendafjöldi í Fellaskóla á árunum 1972-2001 og spá til 2012.

**Tafla 18.** Spá um nemendafjölda í Fellaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
554	565	571	569	560	560	518	633	575

Í skólahverfinu eru um 4.000 íbúar í 1.480 íbúðum, 43,1% íbúða eru sérbylí og 56,9% eru fjölbylí. Það eru að meðaltali 2,7 íbúar á íbúð og 14,2% íbúa eru börn á skólaaldri (0,32 per íbúð) (mynd 36).



Mynd 36. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Fellaskóla.

#### 3.1.2.4 Mat á húsnæðisþörf

Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 575 nemendum þegar hverfið er í jafnvægi. Núverandi húsnæði skólans fullnægir rýmisþörf skólans til miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

#### 3.1.2.5 Framtíðarsýn

Ekki er gert ráð fyrir stækkun skólans eða innri breytingum miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

### 3.1.3 Hólabrekkuskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>595 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10 bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>18.168 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttasárymis</b>	<b>6.755 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>11.4 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>609 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>11.1 m<sup>2</sup>/nem</b>

<sup>1)</sup> Nýlokið er um 1.275 m<sup>2</sup> viðbyggingu við skólann

#### 3.1.3.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 696, væri nálægt jafnvægi. Litlar breytingar höfðu verið á nemendafjölda en lítillæg fækkun nemenda var framundan. Skólinn var tvísetinn að hluta. Samkvæmt áfangaskýrslu var gert ráð fyrir 700 – 800 m<sup>2</sup> viðbyggingu við skólann og innri breytingum í eldri byggingu.


#### 3.1.3.2 Staðan árið 2002

Um 1.275 m<sup>2</sup> viðbygging er nú í byggingu við skólann. Skólinn var einsettur haustið 2002. Samhliða er verið að gera innri breytingar á núverandi skólahúsnæði. Nemendur eru 595 þann 1. okt. 2002 og hefur fækkað um 101 frá 1996. Bekkjadeildir eru 30. Fyrirsjáanlegt er að nemendum muni fjölga næstu árin. Almennar kennslustofur eru 30. Stærð skólans án íþróttarýmis er um 6.755 m<sup>2</sup> í dag.

#### 3.1.3.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Hólabrekkuskóli tók til starfa 1974 voru 280 nemendur við skólann (mynd 37). Fimm árum síðar náði nemendafjöldi hámarki en þá voru 1.156 nemendur við skólann. Nemendafjöldi var nálægt þessu hámarki næstu 7 árin en þá tók nemendum að fækka. Hverfið náði jafnvægi um 1996 en eftir það var nemendafjöldi á bilinu 567 til 671. Í spá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfi muni haldast í jafnvægi (tafla 19).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




**Mynd 37.** Nemendafjöldi í Hólabrekkuskóla á árunum 1974-2001 og spá til 2012.

**Tafla 19.** Spá um nemendafjölda í Hólabrekkuskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
591	591	599	620	639	639	548	670	609

Í skólahverfinu eru 4.850 íbúar í 1.965 íbúðum, 18,1% íbúða eru sérþýli og 81,9% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 2,47 íbúar á íbúð og 12,4% íbúa eru börn á skólaaldri (0,30 per íbúð) (mynd 38).



Mynd 38. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Hólabrekkuskóla.

### 3.1.3.4 Mat á húsnæðisþörf

Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 609 nemendum við skólann miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Viðbygging og innri breytingar munu fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við þær forsendur.

### 3.1.3.5 Framtíðarsýn

Húsrými skólans verður fullnægjandi miðað við að hverfið sé í jafnvægi með nýrri viðbyggingu og þegar innri breytingum verður lokið.

### 3.1.4 Seljaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>676 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>41.340 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>6.589 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 2</b>	<b>130 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>9.9 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>689 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarrýmisþörf um</b>	<b>650 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>7.239 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>10.5 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 3.1.4.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendur væru 802 og þeim myndi fækka verulega næstu árin. Reiknað var með að skólinn yrði allt að 30 bekkjardeildir. Skólinn var tvísetinn að hluta. Smíðastofur við skólann voru í bráðabirgðahúsnæði, sem byggt var sérstaklega undir starfsemina. Samkomusalur skólans er í sjálfstæðu húsi og er slitinn úr tengslum við skólann. Í áfangaskýrslunni var lagt til að beðið yrði með að ákveða endanlega stærð skólans þangað til nemendum hefði fækkað verulega. Reiknað var með að skólinn yrði einsettur á næstu fjórum árum og lagt til að gerðar yrðu nokkrar breytingar innanhúss til hagræðingar fyrir starfsemina.

Í framhaldi áfangaskýrslunnar var gerð ýtarlegri úttekt á framtíðarhúsnæðismálum skólans árið 1999 á vegum Byggingadeildar borgarverkfræðings og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Forsendur úttektarinnar voru þær að skólinn yrði um 30 bekkjadeildir í þremur hliðstæðum með 620-680 nemendum til að jafnaði. Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar vantaði um 625–700 m<sup>2</sup> rými miðað við að smíðastofur yrðu fluttar inn í skólann til frambúðar, tónlistarstofa gerð og húsnæði fyrir skóladaðgivist. Einnig var gert ráð fyrir að framleiðslueldhús yrði gert við núverandi samkomusal og tengigangur gerður á milli húsanna.


#### 3.1.4.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Unnið hefur verið að endurbótum innanhúss. Nemendur eru 676 þann 1. okt. 2002 og hefur þeim fækkað um 126 frá 1996. Bekkjadeildir eru 32. Stærð Seljaskóla er um 6.589 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Almennar kennslustofur eru 32. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörf skólans í dag að öllu leyti.

### 3.1.4.3 Spá um nemendafjölda

Seljaskóli tók til starfa árið 1979 með 358 nemendum (mynd 39). Nemendum fjölgaði ört og árið 1987 voru 1.435 nemendur við skólann, sem er hámarksnemendafjöldi. Upp frá því hefur nemendum fækkað ört og árið 2001 náði nemendafjöldi lágmarki eða 663 nemendur. Síðan 1997 hefur hverfið verið í jafnvægi og nemendur á bilinu 663 til 706. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að hverfið muni vera áfram í jafnvægi (tafla 20).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 39. Nemendafjöldi í Seljaskóla á árunum 1979-2001 og spá til 2012.

Gert er ráð fyrir að 40 nýjar íbúðir verði byggðar fyrir 2012 og er tekið tillit til þess í spánni.

Tafla 20. Spá um nemendafjölda í Seljaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
665	657	658	654	640	666	620	758	689

Í skólahverfinu eru 3.970 íbúar í 1.013 íbúðum, 51,9% íbúða eru sérbýli og 48,1% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 3,92 íbúar á íbúð og 15,8% íbúa eru börn á skólaaldri (0,65 per íbúð) (mynd 40).



Mynd 40. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Seljaskóla.

#### 3.1.4.4 Mat á húsnæðisþörf

Nemendum mun fækka lítillega næstu árin og fjölga aftur eftir 2007. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 689 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Niðurstaða rýmisúttektar frá 1999, þar sem gert var ráð fyrir um 650 m<sup>2</sup> viðbótarrýmisþörf, er í sjálfu sér enn í gildi. Við skólann vantar tónlistarstofu, fjölnýtistofu og smíðastofu. Skóladagvist vantar rými og stækka þarf eldhús við skólasal. Gera þarf ráð fyrir tengigangi á milli húsa. Lóð skólans er allstór og viðbyggingamöguleikar til staðar.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf samkvæmt rýmisathugun frá 1999 er um: 650 m<sup>2</sup>**

#### 3.1.4.5 Framtíðarsýn

Til eru hugmyndir að lausn á húsnæðismálum skólans. Þar er gert ráð fyrir tengigangi á milli skólabyggingar og samkomusalar og viðbyggingu með smíðastofu, tónmenntastofu og skóladagvist.

### 3.1.5 Ölduselsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>587 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>36.827 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarými</b>	<b>5.430 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 6 stk, alls um</b>	<b>390 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>9.2 m<sup>2</sup>/ nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>542 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarýmispörf um</b>	<b>500 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>5.930 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>10.9 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 3.1.5.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 516, myndi fækka enn meira. Unnin hafði verið forsögn fyrir Ölduselsskóla þegar vinna við rýmisáætlun borgarinnar hófst. Sú forsögn miðaði við um 450 nemendur til frambúðar og var gerð miðað við aðrar forsendur en notaðar voru í rýmisáætlun frá 1996. Forsögn Ölduselsskóla gerði ráð fyrir um 655 m<sup>2</sup> nýbyggingu auk innri breytinga til þess að fullnægja væntanlegri rýmisþörf skólans. Niðurstöður áfangaskýrslunnar 1996 bentu til að ekki yrðu nema um 22 bekkjardeildir í skólanum. Skólinn var einsetinn og reiknað með að væntanleg viðbygging og innri breytingar myndu leysa rýmisþörf skólans til frambúðar. Viðbyggingu lauk 1997.

#### 3.1.5.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Nemendur eru um 587 þann 1. okt. 2002 og stærð skólans í dag án íþróttarýmis er um 5.430 m<sup>2</sup>. Nemendum hefur fjölgað um 71 frá 1996 í stað þess að fækka eins og mannfjöldaspá 1996 gerði ráð fyrir. Bekkjadeildir eru 32. Gerðar hafa verið ýmsar endurbætur innanhúss. Almennar kennslustofur eru 23. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni, sem stendur.

#### 3.1.5.3 Spá um nemendafjölda

Ölduselsskóli tók til starfa árið 1975 með 95 nemendur, þetta ár voru jafnframt fæstir nemendur við skólann (mynd 41). Sjö árum síðar náði nemendafjöldi hámarki eða 936. Upp frá því fækkaði nemendum jafnt og þétt og árið 1991 voru 543 nemendur við skólann. Lágmarksnemendafjöldi var svo árið 1996 eða 513 nemendur. Frá 1991 hefur nemendafjöldi verið nokkuð stöðugur eða á bilinu 513 til 590 og má segja að

hverfið sé nokkuð komið í jafnvægi. Í nemendaspá til næstu 10 ára má gera ráð fyrir að nemendafjöldi verði áfram á þessu bili (tafla 21).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,39 per íbúð.




**Mynd 41.** Nemendafjöldi í Ölduselsskóla á árunum 1975-2001 og spá til 2012.

Fyrirhugað er að byggja 30 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin, allar árið 2002. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 21.** Spá um nemendafjölda í Ölduselsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
585	589	585	575	569	569	488	596	542

Í skólahverfinu eru 4.593 íbúar í 1.503 íbúðum, 40,4% íbúða eru sérþýli og 59,6% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 3,06 íbúar á íbúð og 14% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 42).



Mynd 42. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Ölduselsskóla.

#### 3.1.5.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendafjöldi verði svipaður næstu árin en fari þó niður í um 542 nemendur að meðaltali samkvæmt spá þegar hverfið er komið aftur í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni til framtíðar miðað við þær forsendur. Í stjórnunarrými vantar rými fyrir námsráðgjafa og sálfræðing og viðtalsherbergi vantar. Vinnurými kennara eru lítil og aðstöðu vantar fyrir netþjón og geymslu. Við skólann vantar almennar kennslustofur og hópherbergi. Myndmennt og hannyrðir eru í dag í 1 ½ stofu og ein handavinnustofa er við skólann. Athuga þarf stærð og staðsetningu tölvuvera. Áhaldageymslur eru litlar. Framleiðslueldhús vantar og geymslu vantar fyrir skólasal. Félagsrými fyrir eldri nemendur eru lítil og fundarherbergi fyrir nemendaráð og foreldrafélag er ekki til staðar.

**Áætluð viðbótarrýmisþörf**

**500 m<sup>2</sup>**

#### 3.1.5.5 Möguleikar til úrbóta

Byggja þarf við Ölduselsskóla og gera innri breytingar til þess að hann fullnægi rýmisþörfinni miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Einnig þarf að kanna hvort fjöldi sérgreinastofa er í takt við áætlaðan nemendafjölda.

## 3.2 Árbæjarhverfi

### 3.2.1 Árbæjarskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>805 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. og 8.-10. bekkur <sup>1)</sup></b>

1) Skólinn tekur við nemendum í 8.-10. bekk úr Ártúns- og Selásskóla

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar, áætluð</b>	<b>17.560 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>6.903 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 8 stk</b>	<b>520 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>8.6 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>818 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>120 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>8.4 m<sup>2</sup></b>

<sup>1)</sup> Rými vantar fyrir skóladagvist. Hægt er að nýta áfram lausar stofur á lóð. Gert er ráð fyrir að leysa megi rýmisþörf skóladagvistar í skólanum til framtíðar

#### 3.2.1.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 855, myndi fækka. Ýmsir óvissuþættir voru þó í mannfjöldaspánni varðandi áætlaðan framtíðarnemendafjölda í skólanum. Skólinn var tvísetinn að hluta. Í áfangaskýrslunni var lagt til að skoðaðir yrðu tveir möguleikar varðandi framtíðarstækkun skólans. Annars vegar stækkun um 770–970 m<sup>2</sup> miðað við þann nemendafjölda sem mannfjöldaspáin gerði ráð fyrir og hins vegar um 1.250 – 1.450 m<sup>2</sup> stækkun miðað við að lítið fækkaði í skólanum til frambúðar. Talsverð óvissa var um framtíðarþróun Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Seláskóla. Því var einnig gerð sérskýrsla um þróun þeirra og hugsanlegan nýjan safnskóla á unglingsstigi í hverfinu. Í sérskýrslunni voru fjórir valkostir skoðaðir og síðan ákveðið að velja einn þeirra til nánari útfærslu. Hann gerði ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi. Haldin var samkeppni um viðbyggingu og endurbætur á skólanum í samræmi við forsögn sem gerði ráð fyrir um 1.500 m<sup>2</sup> húsnæði. Í framhaldi samkeppninnar var byggð við skólann um 1724 m<sup>2</sup> viðbygging og gerðar innri breytingar á núverandi húsnæði.


### 3.2.1.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 805 þann 1. okt. 2002 og hefur fækkað um 50 frá 1996. Bekkjadeildir eru 37. Framkvæmdum við lokafrágang á stækkun og endurbótum lýkur væntanlega á árinu 2003. Skólinn er um 6.903 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Almennar kennslustofur eru nú 27. Í nýbyggingunni eru m.a. matsalur, skólasafn, tölvustofur, myndmenntastofa, kennslustofur, sérdeild, félagsrými o.fl. Skóladaqvist er í tveimur lausum stofum á lóð.

### 3.2.1.3 Spá um nemendafjölda

Á árunum 1956-1966 var Árbæjarskóli starfræktur í samkomuhúsi á Árbæjarblettinum þar sem kennt var í þremur deildum. Haustið 1967 hóf skólinn göngu sína í nýju húsi með 421 nemanda (sjá mynd 43). Þá fjölgaði nemendum hratt og náði nemendafjöldi hámarki á 5 ára afmæli skólans en þá voru nemendur 1.081 talsins. Nemendum fækkaði jafnt og þétt til ársins 1980 og voru þá 802. Árið 1985 hafði nemendum svo aftur fjölgað og voru þeir þá 1.003. Eftir 1986 má segja að jafnvægi hafi verið komið á nemendafjölda, þ.e. á bilinu 736-899. Nemendaspá til næstu 10 ára gerir ráð fyrir að nemendafjöldi muni haldast á þessu bili (tafla 22).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,28 per íbúð.




Mynd 43. Nemendafjöldi í Árbæjarskóla á árunum 1957-2001 og spá til 2012.

Fyrirhugað er að byggja 20 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin og verða þær allar byggðar árið 2002. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

**Tafla 22.** Spá um nemendafjölda í Árbæjarskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal- fjöldi
801	798	804	816	825	818	736	900	818

Í skólahverfinu eru 4.149 íbúi í 2.841 íbúð, 36,5% íbúða eru sérbylí og 63,5% eru fjölbýlí. Það eru að meðaltali 1,46 íbúar á íbúð og 14,1% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 44).



**Mynd 44.** Aldursdreifing íbúa skólahverfis Árbæjarskóla 2001.

### 3.2.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir nemendafjölda verði í jafnvægi næstu árin og spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 818 nemendum við skólann miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Viðbygging og breytingar innanhúss í Árbæjarskóla fullnægja húsrýmisþörfinni til framtíðar þegar að framkvæmdum lýkur.

### 3.2.1.5 Möguleikar til úrbóta

Húsrými skólans verður fullnægjandi að öðru leyti en því að húsnæði vantar fyrir skóladagvist á meðan að sérdeild er í húsnæði því sem ætlað var undir skóladagvist. Lagt er til að tvær lausar stofur sunnan við skólann verði þar enn um sinn sem húsnæði fyrir skóladagvist.

### 3.2.2 Ártúnsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>196 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>11.478 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>2.394 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>12.2 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>139 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>17.2 m<sup>2</sup>/nem</b>

2) Nýlokið er við um 728 m<sup>2</sup> viðbyggingu og tengigang við íþróttahús.

#### 3.2.2.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 256, myndi fækka verulega samkvæmt mannfjöldaspá Borgarskipulags. Ýmsir óvissuþættir voru þó í mannfjöldaspánni varðandi áætlaðan framtíðarnemendafjölda í skólanum. Skólinn var tvísetinn að hluta. Í áfangaskýrslunni var lagt til að skoðaðir yrðu tveir möguleikar varðandi framtíðarstækkun skólans. Annars vegar stækkun um 900-1.100 m<sup>2</sup> miðað við þann nemendafjölda sem þá var í skólanum (256) og hins vegar um 300-500 m<sup>2</sup> stækkun miðað við að mannfjöldaspáin gengi eftir og verulega myndi fækka í skólanum (102). Talsverð óvissa var um framtíðarþróun Ártúnsskóla, Árbæjarskóla og Seláskóla. Því var einnig gerð sérskýrsla um þróun þeirra og hugsanlegan nýjan safnskóla á unglingastigi. Í sérskýrslunni voru fjórir valkostir athugaðir og einn þeirra var síðan valinn til frekari útfærslu. Hann gerði ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi. Við áframhaldandi forsagnargerð var farið bil beggja varðandi nemendafjölda í Ártúnsskóla. Gert var ráð fyrir að nemendum myndi fækka en ekki eins mikið og mannfjöldaspá gerði ráð fyrir.


#### 3.2.2.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 196 þann 1. okt. 2002 og hefur fækkað um 60 frá 1996. Bekkjadeildir eru 10. Heildarstærð skólans án íþróttarýmis er um 2.394 m<sup>2</sup>. Almennar kennslustofur eru 10. Nýlokið er byggingu á 728 m<sup>2</sup> viðbyggingu en þar eru m.a. almennar kennslustofur, sérgreinastofur og skóladagvist. Einnig voru gerðar breytingar á núverandi byggingu, m.a. komið upp framleiðslueldhúsi.

### 3.2.2.3 Spá um nemendafjölda

Ártúnsskóli tók til starfa 1987 með 224 nemendum (mynd 45). Á tveggja ára afmæli skólans náði nemendafjöldi hámarki en þá voru 350 nemendur við skólann. Upp frá því hefur nemendum fækkað jafnt og þétt og voru fæstir nemendur árið 2001 eða 200 talsins. Í nemendaspá er gert ráð fyrir að jafnvægi komist á upp úr 2006 og munu þá nemendur verða á bilinu 125-153 (tafla 23).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 45. Nemendafjöldi í Ártúnsskóla á árunum 1987-2001 og spá til 2012.

Tafla 23. Spá um nemendafjölda í Ártúnsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
206	178	181	166	142	128	125	153	139

Í skólahverfinu eru 1.729 íbúi í 486 íbúðum, 54,3% íbúða eru sérbýli og 45,7% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 3,56 íbúar á íbúð og 17,9% íbúa eru börn á skólaaldri (0,41 per íbúð) (mynd 46).



Mynd 46. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Ártúnsskóla.

#### 3.2.2.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki stöðugt í Ártúnsskóla. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 139 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Viðbygging og innri breytingar fullnægja rýmisþörf við skólann. Þegar til lengri tíma er litið verður fámenn í skólanum og húsnæði mjög rúmt.

#### 3.2.2.5 Framtíðarsýn

Húsrými skólans er fullnægjandi miðað við að hverfið sé í jafnvægi, en þá verður mjög rúmt um skólastarfið.

### 3.2.3 Ingunnarskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>92</b>
<b>Áætlaður fjöldi nemenda</b>	<b>400-450 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>
<b>Áætlaðar stærðir:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>23.453m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttasalar</b>	<b>4.700 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis um</b>	<b>10.5-11.8 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 3.2.3.1 Staðan í dag


Grafarholt er nýtt íbúðahverfi sem nú er í byggingu í austurhluta Reykjavíkur. Kennsla er hafin í Ingunnarskóla. Kennt er í lausum kennslustofum. Skólinn er annar tveggja grunnskóla í hverfinu samkvæmt deiliskipulagi. Hönnun Ingunnarskóla stendur yfir. Nýjar leiðir eru farnar við hönnun Ingunnarskóla. Undirbúningur og forvinna hófst í mars 2001 á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur undir forystu Bruce Jilk, sem er bandarískur arkitekt og Vinnustofu arkitekta ehf. Stuðst er við aðferðafræði sem nefnist “Design Down Process”, sem þýtt hefur verið sem hönnun frá hinu almenna til hins sérstæða. Nemendur eru 160 þann 1. okt. 2002 í 1.-7. bekk.

#### 3.2.3.2 Spá um nemendafjölda

Ingunnarskóli var stofnaður árið 2001 og var með 29 nemendur það ár. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni fjölga hratt, árið 2006 er gert ráð fyrir 510 nemendum við skólann (tafla 24). Þegar hverfi er komið í jafnvægi er spáð að 237-290 nemendur verði í skólanum.

Spáin fyrir Ingunnarskóla byggir á hve mörg börn eru per íbúð samkvæmt mynd B margfaldað með þéttingu hvers árs (þ.e. 0,31 barn per íbúð þegar hverfi er komið í jafnvægi).

Fyrirhugað er að byggja 850 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin, 400 árið 2002, 400 árið 2003 og 50 árið 2005. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.




Mynd 47. Nemendafjöldi í Ingunnarskóla á árunum 2001-2002 og spá til 2011.

Tafla 24. Spá um nemendafjölda í Ingunnarskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
100	320	408	493	502	462	238	290	264

Í skólahverfinu eru 184 íbúar í 850 íbúðum. Það eru að meðaltali 0,22 íbúar á íbúð og 18% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 48).



Mynd 48. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Ingunnarskóla.

### **3.2.3.3 Húsnæði skólans**

Ingunnarskóli verður grunnskóli með óhefðbundið fyrirkomulag sem byggir á því að kennslurými er skipt í minni sjálfstæðar einingar (fjölskyldur), hver með opið innra fyrirkomulag. Einingarnar (fjölskyldurnar) sameinast um opið fjölnotarými, sérútbúið kennslurými fyrir tónlist og stjórnun. Gert er ráð fyrir að nemendur Ingunnarskóla verði um 400-450 og heildarstærð hans án íþróttarýmis verði um 4.700 m<sup>2</sup>.

### **3.2.3.4 Framtíðarsýn**

Gert er ráð fyrir að áætluð nýbygging verði fullnægjandi miðað við nemendafjölda, en fámennt verður í skólanum miðað við hverfið í jafnvægi.

### 3.2.4 Selásskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>411 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-7. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>18.212 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.407 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 1</b>	<b>65 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.7 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>329 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt <sup>1)</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>13.4 m<sup>2</sup>/nem</b>

1) Nýlokið er við byggingu á um 1.519 m<sup>2</sup> viðbyggingu.

#### 3.2.4.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 404, myndi fækka samkvæmt mannfjöldaspá Borgarskipulags. Hins vegar hafði nemendum fjölgað og útlit fyrir að svo yrði áfram. Ýmsir óvissuþættir voru því í mannfjöldaspánni varðandi áætlaðan framtíðarnemendafjölda í skólanum.

Skólinn var tvísetinn að mestu leyti. Í áfangaskýrslunni var lagt til að skoðaðir yrðu tveir möguleikar varðandi framtíðarstækkun skólans. Annars vegar stækkun um 950 – 1.150 m<sup>2</sup> miðað við þann nemendafjölda sem var þá í skólanum (404) og hins vegar um 550-750 m<sup>2</sup> stækkun miðað við að mannfjöldaspáin gengi eftir og verulega myndi fækka í skólanum (303). Talsverð óvissa var um framtíðarþróun Ártúnsskóla, Árbæjarskóla og Seláskóla. Því var einnig gerð sérskýrsla um þróun þeirra og hugsanlegan nýjan safnskóla á unglingsstigi. Í sérskýrslunni voru fjórir valkostir athugaðir og einn þeirra var síðan valinn til frekari útfærslu. Hann gerði ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi. Unnin var forsögn, sem gerir ráð fyrir nokkru meira rými, en segir í áfangaskýrslu. Samþykktar voru teikningar af 1.519 m<sup>2</sup> viðbyggingu auk innri skipulagsbreytinga á núverandi húsnæði.


#### 3.2.4.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 411 þann 1. okt. 2002 og hefur lítið fjölgað frá 1996. Bekkjadeildir eru 20. Viðbyggingu um 1.519 m<sup>2</sup> að stærð er lokið. Skólinn er í dag um 4.407 m<sup>2</sup> eftir stækkun án íþróttarýmis. Almennar kennslustofur eru 18. Við skólann er almenn sérdeild. Í viðbyggingunni er m.a. skólasafn, sérgreinastofur, almennar kennslustofur og ýmis önnur rými. Auk nýbyggingar verða gerðar breytingar á núverandi húsnæði.

### 3.2.4.3 Spá um nemendafjölda

Selásskóli hóf göngu sína árið 1986 með 188 nemendum (mynd 48). Síðan þá hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt en flestir nemendur voru í skólanum árið 1997 eða 447 nemendur. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni heldur fækka og árið 2011 verði þeir 386 (tafla 25). Gert er ráð fyrir að hverfið nái jafnvægi á árunum 2010-2015.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,54 per íbúð.




Mynd 49. Nemendafjöldi í Selásskóla á árunum 1986-2001 og spá til 2012.

Fyrirhugað er að byggja 20 nýjar íbúðir í skólahverfinu næstu fimm árin, allar árið 2002. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

Tafla 25. Spá um nemendafjölda í Selásskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal-fjöldi
451	425	425	416	417	386	296	362	329

Í skólahverfinu eru 2.938 íbúar í 789 íbúðum, 39,2% íbúða eru sérþýli og 60,8% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 3,72 íbúar á íbúð og 27,6% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 50).



Mynd 50. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Seláskóla.

#### 3.2.4.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki frá því sem nú þangað til hverfið hefur náð jafnvægi. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 329 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Núverandi húsnæði skólans ásamt innri breytingum mun fullnægja rýmisþörfinni.

#### 3.2.4.5 Framtíðarsýn

Núverandi húsnæði mun fullnægja þörf skólans miðað við að hverfið sé í jafnvægi.


## 4 Borgarhluti 4

### 4.1 Grafarvogshverfi

- 4.1.1 Borgaskóli
- 4.1.2 Engjaskóli
- 4.1.3 Foldaskóli
- 4.1.4 Hamraskóli
- 4.1.5 Húsaskóli
- 4.1.6 Korpuskóli
- 4.1.7 Rimaskóli
- 4.1.8 Víkurskóli

### 4.2 Kjalarneshverfi

- 4.1.1 Klébergsskóli



Upplýsingar er sýnir borgarhluta 4

## 4.1 Grafarvogshverfi

### 4.1.1 Borgaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>385 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur <sup>1)</sup></b>

<sup>1)</sup> Nú er 1.-9. bekkur í skólanum og áætlað að nemendum fjölgi á næstu árum.

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>21.500 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.930 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 4</b>	<b>260 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.2 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>191 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>20.5 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 4.1.1.1 Staðan árið 1996

Ekki var fjallað um Borgaskóla í áfangaskýrslu frá 1996. Íbúðahverfin þrjú í Borgarholti, Borgahverfi, Engjahverfi og Víkurhverfi voru þá í uppbyggingu. Haldin var samkeppni árið 1995 á vegum borgarinnar um hönnun Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Til grundvallar var lögð húsrýmisáætlun fyrir heildstæðan tveggja hliðstæðna grunnskóla fyrir um 450 nemendur. Bygging Borgaskóla hófst 1999 og er lokið. Skólahúsnæðið byggir á samkeppnistillögu um skólann, en var minnkað niður í grunnskóla fyrir 1,7 hliðstæðu að jafnaði með um 375 nemendur. Þetta var gert vegna þess að áætlaður nemendafjöldi Borgahverfis er minni en reiknað var með við þær forsendur sem lágu til grundvallar við deiliskipulag hverfisins. Gert var ráð fyrir því við hönnun skólans að húsnæði fyrir hámarksnemendafjölda skólans yrði leyst með því að nota lausar stofur til bráðabirgða.


#### 4.1.1.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Borgaskóli er nýjasti grunnskóli borgarinnar, sem er fullbyggður. Stærð skólans án íþróttarýmis er 3.930 m<sup>2</sup> og nemendur eru 391 í 1.-9. bekk. Bekkjadeildir eru 21. Þeim fer ört fjölgandi næstu árin og bætist þá við 10. bekkur. Almennar kennslustofur eru 17. Húsnæði skólans er fullnægjandi í dag miðað við að einnig sé kennt í lausum stofum.

#### 4.1.1.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Borgaskóli tók til starfa árið 1998 voru 79 nemendur við skólann (mynd 51). Á þeim fjórum árum sem skólinn hefur verið starfræktur hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt og voru þeir 315 árið 2001. Samkvæmt nemendaspá mun nemendum fjölga enn frekar, árið 2006 er því spáð að 480 nemendur verði við skólann (tafla 26). Um 2020 má gera ráð fyrir að hverfið verði komið í jafnvægi og þá verði nemendafjöldi á bilinu 171-210.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 51. Nemendafjöldi í Borgaskóla á árunum 1998-2001 og spá til 2012.

Tafla 26. Spá um nemendafjölda í Borgaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
391	452	468	474	480	398	171	210	191

Í skólahverfinu eru 1.618 íbúar í 488 íbúðum, 32% íbúða eru sérbylí og 68% eru fjölbylí. Það eru að meðaltali 3,32 íbúar á íbúð og 22,2% íbúa eru börn á skólaaldri (0,65 per íbúð) (mynd 52).



Mynd 52. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Borgaskóla.

#### 4.1.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Reiknað er með að nemendum fjölgi mjög á næstu árum og áratug, en eftir það er áætlað að þeim fækki. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir 191 nemenda við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir rýmisþörf skólans miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Mjög fámennt verður þá í skólanum og rúmt um nemendur.

#### 4.1.1.5 Framtíðarsýn

Húsnæði skólans er fullnægjandi miðað við að hverfið sé í jafnvægi, en mjög fámennt verður í skólanum. Leysa þarf viðbótarrýmisþörf við skólann tímabundið með lausum stofum á lóð skólans á meðan nemendafjöldinn er í hámarki.

#### 4.1.2 Engjaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>431 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>
<b>Stærðir í dag:</b>	
<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>23.565 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>4.483 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð alls 5</b>	<b>325 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.4 m<sup>2</sup>/nem</b>
<b>Áætlaðar stærðir eftir stækkun:</b>	
<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>238 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>18.8 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### 4.1.2.1 Staðan árið 1996

Ekki var fjallað um Engjaskóla í áfangaskýrslu frá 1996. Íbúðahverfin þrjú í Borgarholti, Borgahverfi, Engjahverfi og Víkurhverfi, voru þá í uppbyggingu. Haldin var samkeppni 1995 á vegum borgarinnar um hönnun Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Til grundvallar var lögð húsrýmisáætlun fyrir heildstæðan tveggja hliðstæðna grunnskóla með um 450 nemendur. Skólahúsnæðið byggir á samkeppnistillögu um skólann, með um 420–450 nemendur að jafnaði. Framkvæmdir hófust 1997 og er lokið. Nemendur úr Víkur- og Staðahverfi hafa til skamms tíma verið í skólanum.

##### 4.1.2.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 431 þann 1. okt. 2002 og hefur fækkað lítillega frá því að nemendafjöldi var mestur árið 1998. Bekkjadeildir eru 22. Stærð skólans án íþróttarýmis er 4.483 m<sup>2</sup>. Almennar kennslustofur eru nú 19. Húsnæði skólans hefur ekki fullnægt rýmisþörfinni fram til þessa vegna þess að nemendur úr öðrum hverfum hafa verið í skólanum og vegna þess að nokkur ný rými, s.s. framleiðslueldhús, sérkennsluver og ný stjórnunarrými, hafa bæst við rýmisþörfina síðan skólinn var byggður.

##### 4.1.2.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Engjaskóli hóf göngu sína 1995 voru 203 nemendur við skólann (mynd 53). Árið 1998 voru nemendur orðnir 493 en gera má ráð fyrir að nemendafjöldi nái

hámarki um 2004 þegar 494 nemendum er spáð við skólann. Í nemendaspá til næstu 10 ára er búist við að eftir 2004 muni nemendum heldur fara fækkandi og árið 2011 verði þeir um 364 (tafla 27). Gert er ráð fyrir að hverfið hafi náð jafnvægi um 2015-2020 og þá verði nemendafjöldi á bilinu 214-261.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 53. Nemendafjöldi í Engjaskóla á árunum 1995-2001 og spá til 2012.

Tafla 27. Spá um nemendafjölda í Engjaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi
486	482	494	482	473	364	214	261	238

Í skólahverfinu eru 1.968 íbúar í 623 íbúðum, 14,9% íbúða eru sérþýli og 85,1% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 3,16 íbúar á íbúð og 23% íbúa eru börn á skólaaldri (0,75 per íbúð) (mynd 54).



Mynd 54. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Engjaskóla.

#### 4.1.2.4 Mat á húsnæðisþörf

Reiknað er með að nemendafjöldi haldist nokkuð stöðugur fram til 2005, en eftir það er áætlað að nemendum fækki verulega samkvæmt nemendaspánni. Spáin gerir ráð fyrir að meðalnemendafjöldi verði um 238 þegar hverfið er komið í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni í dag. Notaðar eru 5 lausar stofur sem stendur. Víða eru þrengsli, s.s. í stjórnunarrými og kennslustofur vantar. Sérkennslustofa er þröng og sérdeild nýtir nú húsnæði skóladagvistar, sem þarf þá að vera í lausum stofum. Reikna þarf með að skólinn þurfi aukið rými tímabundið. Húsnæði Engjaskóla mun hins vegar fullnægja rýmisþörf hans til framtíðar miðað við að hverfið verði komið í jafnvægi.

#### 4.1.2.5 Framtíðarsýn

Leysa þarf viðbótarrýmisþörf tímabundið við skólann með fleiri lausum stofum á lóð skólans. Einnig þarf að hugsa fyrir innri endurskipulagningu, s.s. fyrir aukið stjórnunarrými, framleiðslueldhús við sal, sérkennsluver o.fl. Bent er á að fámennt verður í skólanum og rúmt um skólastarfið þegar hverfið er komið í jafnvægi.

#### 4.1.3 Foldaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>637 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

##### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>21.815 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttasárymis</b>	<b>6.845 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>10.7 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>537 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>12.7m<sup>2</sup>/nem</b>

##### 4.1.3.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendum, sem þá voru um 864, færi fækkandi. Nokkur óvissa var um framtíðarnemendafjölda skólans. Reiknað var með að fækka myndi verulega í hverfinu eða um allt að 50 % frá því sem var 1996. Skólinn var tvísetinn og kennt í lausum kennslustofum. Samkvæmt áfangaskýrslu var gert ráð fyrir að húsnæðismál skólans yrðu athuguð sérstaklega þegar nemendasþáin myndi skýrast.

Í framhaldi af áfangaskýrslunni var gerð ýtarlegri úttekt á húsnæðismálum skólans árið 1999. Niðurstaða þeirrar skoðunar leiddi í ljós að áætluð heildarýmisþörf Foldaskóla var um 1.310 m<sup>2</sup> með íþróttarými og þar af um 690 m<sup>2</sup> vegna skólahúsnæðis. Einnig var gert ráð fyrir talsverðum breytingum í núverandi húsi. Endanleg hönnun viðbyggingar tók mið af þessum niðurstöðum.

##### 4.1.3.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 637 þann 1. okt. 2002 og hefur þeim fækkað um 227 frá 1996. Bekkjadeildir eru 30. Kennt er í 27 almennum kennslustofum. Húsnæðið er um 6.845 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Lokið verður við viðbyggingu við skólann á árinu 2003. Einnig er unnið að endurbótum innanhúss á eldri byggingu og verður því haldið áfram.

##### 4.1.3.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Foldaskóli hóf göngu sína árið 1985 var 161 nemandi við skólann og jafnframt fæstir nemendur í sögu skólans (mynd 55). Á fimm ára afmæli skólans náði

nemendafjöldi í skólanum hámarki en þá voru nemendur 1.225 talsins. Síðan hefur nemendum fækkað jafnt og þétt og voru nemendur 681 árið 2001. Í spá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum fækki enn frekar, 490 nemendur ættu að stunda nám við skólann árið 2011 (tafla 28). Í nemendaspánni er gert ráð fyrir að hverfið hafi náð jafnvægi árið 2005 það er að nemendafjöldi verði á bilinu 483 til 590.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 55. Nemendafjöldi í Foldaskóla á árunum 1985-2001 og spá til 2012.

Tafla 28. Spá um nemendafjölda í Foldaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal-fjöldi
663	643	604	575	540	490	483	590	537

Í skólahverfinu eru 3.728 íbúar í 1.142 íbúðum, 46,8% íbúða eru sérbýli og 53,2% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 3,26 íbúar á íbúð og 18,4% íbúa eru börn á skólaaldri (0,60 per íbúð) (mynd 56).



Mynd 56. Aldursdreifing íbúa skólahverfis Foldaskóla.

#### 4.1.3.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki í skólanum þar til jafnvægi er náð. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 537 nemendum við skólann þegar hverfið er í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir rýmisþörf skólans miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

#### 4.1.3.5 Framtíðarsýn

Ekki er gert ráð fyrir stækkun skólans miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

#### 4.1.4 Hamraskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>364 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

##### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>10.990 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttasalar um</b>	<b>3.443 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>9.4 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>225 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrymisþörf</b>	<b>500 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>3.943 m<sup>2</sup></b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>15.3 m<sup>2</sup>/nem <sup>1)</sup></b>

1) Bent er á að uppbyggingu Bryggjuhverfis er ekki lokið

##### 4.1.4.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 383, væri nokkuð stöðugur. Nokkur óvissa var um framtíðarnemendafjölda skólans vegna væntanlegrar uppbyggingar í Bryggjuhverfi. Skólinn var tvísetinn að hluta og kennt í lausum kennslustofum. Fyrir lá tillaga sem gerði ráð fyrir 997 m<sup>2</sup> viðbyggingu. Samkvæmt áfangaskýrslu var gert ráð fyrir að rýmisþörfin væri sú sama og tillögur um viðbyggingu gerðu ráð fyrir eða um 977 m<sup>2</sup>. Byggt var við skólann í samræmi við tillögur sem fyrir lágu. Einnig var um 500 m<sup>2</sup> óinnréttuð jarðhæð gerð undir viðbygginguna til þess að mæta hugsanlegri framtíðarstækkun.

##### 4.1.4.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Nemendur eru um 364 þann 1. okt. 2002 og hefur fækkað lítillega frá 1996. Bekkjadeildir eru 19. Stærð skólans án íþróttastöðu er um 3.443 m<sup>2</sup>. Almennar kennslustofur eru 20. Við skólann er sérdeild fyrir einhverfa. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni í dag vegna breyttra forsendna, s.s. vegna þess að rými vantar fyrir framleiðslueldhús, aukið rými í stjórnunarhluta, rými fyrir sérkennslu o.fl. Einnig eru smíðastofa og handmenntastofa mjög litlar.

##### 4.1.4.3 Spá um nemendafjölda

Hamraskóli hóf göngu sína 1991 með 243 nemendur (mynd 57). Árið eftir náði nemendafjöldi hámarki þegar 404 nemendur voru í skólanum. Nemendafjöldi hefur verið tiltölulega stöðugur síðustu 10 árin eða 369 til 392 nemendur. Í nemendaspá til

næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni fækka (tafla 29). Árið 2011 er gert ráð fyrir að 252 nemendur muni stunda nám við skólann.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Að auki er gert ráð fyrir fjölgun vegna Bryggjuhverfis 0,09 börn per íbúð.




**Mynd 57.** Nemendafjöldi í Hamraskóla á árunum 1991-2001 og spá til 2012.

Nemendur úr Bryggjuhverfi hafa sótt Hamraskóla en gert er ráð fyrir að á allra næstu árum bætist við 150 íbúðir, 50 íbúðir 2002, 50 íbúðir 2003 og 50 íbúðir 2004. Íbúar Bryggjuhverfis voru 315 í maí 2002 og þar af voru einungis 14 börn á skólaaldri eða um 4,5%. Gert er ráð fyrir þessari þéttingu í spánni. Jafnframt er áætluð ný byggð við Elliðaárvog með nýjum skóla.

**Tafla 29.** Spá um nemendafjölda í Hamraskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærra mörk	Meðal-fjöldi
365	357	360	336	321	252	202	247	225

Í skólahverfinu eru 1.999 íbúar í 530 íbúðum, 47,2% íbúða eru sérþýli og 52,8% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 3,77 íbúar á íbúð og 19,3% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 58).



Mynd 58. Aldursdreifing í skólahverfi Hamraslóa.

#### 4.1.4.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki þar til hverfið er komið í jafnvægi. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 225 nemendum við skólann þegar hverfið er komið í jafnvægi. Starfandi er forsagnarhópur, sem er að vinna endanlega forsögn og tillögur um framtíðarrýmisþörf skólans. Samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum hópsins verður smíðastofa og handmenntastofa fluttar niður á jarðhæð. Þá verður bætt úr húsnæðismálum sérdeildar, skóladagvistar og stjórnunarrými skólans stækkað. Gera á framleiðslueldhús við sal skólans og hann notaður sem matsalur. Bent er á að þegar hverfið verður komið í jafnvægi verður rúmt um skólastarfið ef að nemendaspáin gengur eftir.

Áætluð viðbótarrýmisþörf er um

500 m<sup>2</sup>

#### 4.1.4.5 Framtíðarsýn

Húsrými skólans verður fullnægjandi þegar innri breytingum verður lokið og jarðhæð tekin í notkun. Rúmt verður um skólastarfið þegar hverfið verður komið í jafnvægi. Athuga þarf endanleg áhrif Bryggjuhverfisins á stærð skólans.

#### 4.1.5 Húsaskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>468 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

##### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>14.644 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttasárymis</b>	<b>4.661 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð 5 stk, alls um</b>	<b>325 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>9.9 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>280 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>16.6 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### 4.1.5.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi, sem þá var um 451, myndi aukast og að hverfið væri að nálgast hámark. Skólinn var einsetinn. Gert var ráð fyrir að skólinn yrði um 20 bekkjardeildir að jafnaði og tímabilið þar til nemendafjöldinn næði því marki yrði rýmisþörfin leyst með lausum kennslustofum.


##### 4.1.5.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 468 þann 1. okt. 2002 og hefur fjölgað um 17 frá 1996. Stærð skólans án íþróttarýmis er 4.661 m<sup>2</sup>. Almennar kennslustofur eru 26. Bekkjadeildir eru 21. Húsnæði skólans fullnægir þó ekki rýmisþörfinni eins og stendur. Skortur er á húsnæði miðað við núverandi nemendafjölda og er kennt í 6 lausum stofum.

##### 4.1.5.3 Spá um nemendafjölda

Húsaskóli tók til starfa árið 1991 með 126 nemendum (mynd 59). Nemendum fjölgaði ört og árið 2000 náði nemendafjöldi hámarki, 512 nemendum við skólann. Í spá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum fækki, árið 2011 ætti 321 nemandi að vera í skólanum (tafla 30). Búist er við að hverfið nái jafnvægi á árunum 2010-2015 og ætti þá nemendafjöldi að vera á bilinu 252-308.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




Mynd 59. Nemendafjöldi í Húsaskóla á árunum 1991-2001 og spá til 2012.

Tafla 30. Spá um nemendafjölda í Húsaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal- fjöldi
482	473	449	432	409	321	252	308	280

Í skólahverfinu eru 2.254 íbúar í 592 íbúðum, 40,7% íbúða eru sérþýli og 59,3% eru fjölþýli. Það eru að meðaltali 3,81 íbúar á íbúð og 23,2% íbúa eru börn á skólaaldri (0,83 per íbúð) (mynd 60).



Mynd 60. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Húsaskóla.

#### 4.1.5.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum fari fækkandi þar til hverfið er komið í jafnvægi. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 280 nemendum við skólann miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir ekki rýmisþörfinni á næstunni. Í dag er kennt í 20 kennslustofum í skólanum auk kennslu í lausum stofum. Hluti af almennum kennslustofum er notaður í aðra starfsemi. Fundaraðstaða er mjög lítil. Almennar kennslustofur vantar miðað við stöðuna í dag og sérkennslustofa er lítil. Húsnæði vantar undir skóladagvist, sem nú notar þrjár lausar stofur. Framleiðslueldhús vantar og taka þarf afstöðu til þess hvar nemendur eiga að matast. Félagsrými vantar fyrir eldri nemendur og fundarherbergi fyrir nemendaráð og foreldrafélag. Lóð skólans er lítil og stækkunarmöguleikar takmarkaðir. Benda má á að íþróttahús Ungmennafélagsins Fjölnis er við skólann. Þar mætti hugsanlega leysa hluta af húsnæðismálum skólans a.m.k. tímabundið.

#### 4.1.5.5 Framtíðarsýn

Líta þarf til þess við mat á heildarhúsnæðisþörf Húsaskóla að nemendum fer nú fækkandi. Líklegt er að kennslurými í almennum kennslustofum verði fullnægjandi eftir 2005. Kanna þarf hvort ekki sé unnt að leysa umframrýmisþörf skólans áfram til bráðabirgða með lausum stofum og hugsanlega í íþróttahúsi Fjölnis. Þar mætti hugsanlega hafa félagsrými eða fundarherbergi fyrir nemendaráð og foreldrafélag til bráðabirgða. Bent er á að fremur rúmt verður um skólastarfið þegar hverfið er komið í jafnvægi.

#### 4.1.6 Korpuskóli ( nýr skóli í Staðahverfi )

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>172 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-9. bekkur</b>

**Stærðir í dag:**

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>bráðabirgðalóð</b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>1.590 m<sup>2</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>9.2 m<sup>2</sup>/nem</b>

**Áætlaðar stærðir eftir stækkun:**

<b>Skólinn er í bráðabirgðahúsnæði.</b>	<b>Stærð á nýjum skóla í Staðahverfi liggur ekki fyrir.</b>
---	---

##### 4.1.6.1 Staðan árið 1996

Ekki var fjallað um Korpuskóla í áfangaskýrslu frá 1996. Skólinn er í bráðabirgðahúsnæði, sem grunnskóli fyrir Staðahverfi. Til er sérstök lóð fyrir nýjan skóla í hverfinu. Gerð var úttekt 1998 til þess að kanna möguleika á skólastarfi til bráðabirgða á Korpúlfstöðum. Samkvæmt niðurstöðum hennar var unnt að koma fyrir grunnskólahúsnæði í byggingunni til bráðabirgða með ákveðnum endurbótum innanhúss. Einnig varð að gera allmiklar endurbætur á húsinu að utan, en það var jafnframt hluti af endurbyggingu þessa merka húss til þess að forða því frá eyðileggingu. Skólinn tók til starfa í núverandi húsnæði 1999.


##### 4.1.6.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 172 þann 1. okt. 2002 í 1.-9. bekk. Skólastarfið byggir á opnum kennsluháttum. Bekkjadeildir eru 11. Húsnæði skólans fullnægir að mörgu leyti ekki kröfum um nútímakennsluhúsnæði. Nokkur rými vantar og önnur eru þröng. Engin íþróttastaða er við skólann. Skólastarfið rúmast þó vel í þessu sögufræða húsi og gamla hlaðan nýtist ágætlega sem opið kennslurými. Húsnæði Korpuskóla hefur ávallt verið hugsað sem bráðabirgðahúsnæði og þarf að líta á stöðu skólans í því ljósi.

##### 4.1.6.3 Spá um nemendafjölda

Korpuskóli tók til starfa árið 1999 með 125 nemendum (mynd 61). Árið 2001 fækkar nemendum úr 202 í 148 með tilkomu Víkurskóla. Í spá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum muni fjölga og ná hámarki árið 2006 þegar búist er við 272 nemendum við skólann (tafla 31). Þegar hverfið verður komið í jafnvægi, líklega í kringum 2020, er gert ráð fyrir að nemendur verði á bilinu 104 til 128.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.




**Mynd 61.** Nemendafjöldi í Korpuskóla á árunum 1999-2001 og spá til 2012.

**Tafla 31.** Spá um nemendafjölda í Korpuskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		Meðal- fjöldi
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	
186	213	219	245	272	223	104	128	116

Í skólahverfinu eru 1.179 íbúar í 389 íbúðum. Það eru að meðaltali þrír íbúar á íbúð og 14,8% íbúa eru börn á skólaaldri (0,42 per íbúð) (mynd 62).



Mynd 62. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Korpuskóla.

#### 4.1.6.4 Mat á húsnæðisþörf

Húsnæði skólans er bráðabirgðahúsnæði. Skólalóð fyrir nýjan grunnskóla og leikskólalóð fyrir nýjan leikskóla liggja miðlægt í Staðahverfi. Myndaður var starfshópur sem í voru fulltrúar foreldra, skólafólks og hönnunaraðila auk fulltrúa stofnana og atvinnulífs í nágrenni skólans, alls um 30 manns til þess að undirbúa hönnun nýs skóla. Beitt var aðferð sem nefnd er „The Design Down Process“ eða undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Hún felst í því að hópur fólks, sem málið varðar byrjar á því að greina almennar aðstæður skólans, en fetar sig síðan skref fyrir skref að tillögum um skipulag innra starfs og byggingu sem hæfir starfsemi. Starfshópurinn skilar tillögum innan tíðar, sem gera ráð fyrir að byggt verði sameiginlega fyrir leik- og grunnskóla í hverfinu.

#### 4.1.6.5 Framtíðarsýn

Hönnun og bygging nýs skóla í Staðahverfi er ekki hafin. Kennt verður í Korpuskóla til bráðabirgða þangað til byggingu Staðaskóla lýkur.

#### 4.1.7 Rimaskóli

**Fjöldi nemenda 1. okt. 2002** **817 nem**  
**Árgangar** **1.-10. bekkur**

**Stærðir í dag:**

**Heildarstærð lóðar** **49.159 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup>**  
**Stærð skólahúss án íþróttarýmis** **6.350 m<sup>2</sup>**  
**Lausar stofur á lóð 10 stk, alls um** **650 m<sup>2</sup>**  
**Nýting húsnæðis** **7.7 m<sup>2</sup>/nem**

**Áætlaðar stærðir eftir stækkun:**

**Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.** **675 nem**  
**Áætluð viðbótarrýmisþörf** **engin <sup>2)</sup>**  
**Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis** **óbreytt <sup>2)</sup>**  
**Áætluð nýting húsnæðis** **9.4 m<sup>2</sup>/nem <sup>2)</sup>**

1) Lóð Rimaskóla er einnig leik – og útivistarsvæði fyrir börn og unglínga í Rimahverfi

2) Gert er ráð fyrir að byggður verði nýr smábarnaskóli á nýrri lóð og Rimaskóli verði ekki stækkaður.

##### 4.1.7.1 Staðan árið 1996

Í áfangaskýrslu frá 1996 var gert ráð fyrir að nemendafjöldi hverfisins gæti orðið 700 – 800 nemendur og allt að 1.000 um tíma. Skólinn, sem var byggður í áföngum, var í byggingu á þessum tíma miðað við forsögn frá 1991. Hann var þó ekki fullhannaður. Rimaskóli er upprunalega hannaður sem þriggja hliðstæðna grunnskóli fyrir um 600–640 nemendur í 1.-10. bekk. Niðurstaða í áfangaskýrslu 1996 var að taka mið af upprunalegum hönnunarforsendum fyrir 30 bekkjadeilda skóla og bíða eftir að skólinn og hverfið yrði fullbyggt. Lagt var til að bætt yrði við rými vegna skóladagvistar og eldhúss (þó ekki fullkomið framleiðslueldhús) alls um 150 – 200 m<sup>2</sup> í síðasta byggingaráfanga.


##### 4.1.7.2 Staðan árið 2002

Byggingu Rimaskóla er lokið. Skólinn er einsetinn við mjög þröngar aðstæður. Nemendur eru um 817 í 1.-10. bekk þann 1. okt. 2002. Bekkjadeildir eru 38. Rimaskóli er nú um 6.350 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Rimaskóli er fjölmennasti grunnskóli borgarinnar, sem stendur. Í dag eru 28 almennar kennslustofur við Rimaskóla og 10 lausar kennslustofur. Húsnæði skólans fullnægir ekki núverandi rýmisþörf. Nemendum hefur fjölgað stöðugt frá 1996 og fjölgar enn.

#### 4.1.7.3 Spá um nemendafjölda

Þegar Rimaskóli tók til starfa haustið 1993 voru 263 nemendur í skólanum (mynd 63). Síðan þá hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt og voru þeir orðnir 796 árið 2001. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum fjölgi enn frekar og verði flestir árið 2005 eða 1.138 (tafla 32). Upp úr því er búist við að nemendum fari fækkandi, árið 2011 er spáð að 818 nemendur verði við skólann. Gert er ráð fyrir að hverfið verði komið í jafnvægi í kringum árið 2015.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búíð er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,66 per íbúð.



Mynd 63. Nemendafjöldi í Rimaskóla á árunum 1993-2001.


Fyrirhugað er að byggja 374 nýjar íbúðir í skólahverfinu á næstu fimm árum, 150 árið 2002, 100 árið 2003, 100 árið 2004 og 24 árið 2005. Tekið er tillit til þessarar þéttingar í spánni hér að neðan.

Tafla 32. Spá um nemendafjölda í Rimaskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðalfjöldi <sup>16</sup>
944	1021	1112	1138	1128	818	607	741	674

<sup>16</sup> Jafnvægistala væri 427 ef ekki kæmi til fjölgun vegna 374 nýrra íbúða.

Í skólahverfinu eru 3.968 íbúar í 1.200 íbúðum, 30% íbúða eru sérbýli og 70% eru fjölbýli. Það eru að meðaltali 3,31 íbúar á íbúð og 21,3% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 64).



Mynd 64. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Rimaskóla.

#### 4.1.7.4 Mat á húsnæðisþörf

Húsnæði Rimaskóla fullnægir alls ekki húsnæðisþörfinni til næstu ára, m.a. vegna fjölgunar nemenda í Rimahverfi og vegna nýrra nemenda úr fyrirhuguðu hverfi á lóð „Gufunesradíó“. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 674 nemendum við skólann þegar hverfið er komið í jafnvægi. Þörf fyrir viðbótarkennslurými hefur hingað til verið leyst með lausum kennslustofum.

Miðað við fyrirliggjandi tölur um nemendafjölda þyrfti að fjölga mjög kennslustofum við skólann og hugsanlega nýjum sérgreinastofum, a.m.k. að hluta til. Aukning nemenda hefur einnig áhrif á öll önnur rými s.s. stjórnun, félagsrými og ýmis þjónusturými til stækkunar. Rimaskóli er í dag stærsti grunnskóli borgarinnar og yrði stærri en æskilegt er, ef byggt yrði við hann.

#### 4.1.7.5 Framtíðarsýn

Samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagi af lóð „Gufunesradíó“ er gert ráð fyrir nýrri lóð undir skóla. Lóðin liggur að norðurhluta lóðar Rimaskóla og tengist henni. Þar er fyrirhugað að byggður verði nýr smábarnaskóli og leikskóli, sem hugsanlega gæti tengst Rimaskóla stjórnunarlega. Nýi skólinn gæti hugsanlega nýtt sér einhverja þjónustu úr Rimaskóla og einnig hluta af leiksvæðum Rimaskóla, en lóð skólans er óvenjurúmgóð og vel búin. Gera þarf sérstaka rýmisathugun og forsögn fyrir slíkan smábarnaskóla. Miðað við þessar fyrirætlanir yrði húsnæði Rimaskóla óbreytt og tæki hann þá við nemendum úr smábarnaskólanum. Skólarnir og lóðirnar yrðu þannig ein heild og gætu samnýtt sér ýmis rými og lóð. Leysa þarf aukna rýmisþörf Rimaskóla á komandi árum með lausum kennslustofum til bráðabirgða.

#### 4.1.8 Víkurskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>180 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-9. (10) bekkur</b>

**Stærðir í dag:**

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>18.811 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttasalar um</b>	<b>3.950 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð</b>	<b>engin</b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>ath m<sup>2</sup>/nem <sup>2)</sup></b>

<sup>1)</sup> Skólinn er í byggingu.

<sup>2)</sup> Ekki reiknuð þar sem enn er aðeins kennt í 1-9 bekk og enn mun fjölga í skólanum.

**Áætlaðar stærðir eftir stækkun:**

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi</b>	<b>156 nem</b>
<b>Áætluð viðbótarymisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>25.3 m<sup>2</sup>/nem</b>

##### 4.1.8.1 Staðan árið 1996

Ekki var fjallað um Víkurskóla í áfangaskýrslu frá 1996. Íbúðahverfin þrjú í Borgarholti, Borgahverfi, Engjahverfi og Víkurhverfi, voru þá í uppbyggingu og skólastarf ekki hafið í hverfunum. Haldin var samkeppni 1995 á vegum borgarinnar um hönnun Víkurskóla, Borgaskóla og Engjaskóla. Til grundvallar var lögð húsrýmisáætlun fyrir heildstæðan tveggja hliðstæðna grunnskóla með um 450 nemendum. Bygging Víkurskóla hófst árið 2000. Skólahúsnæðið byggir á samkeppnistillögu um skólann. Kennsla hófst í lausum stofum og í hluta skólahússins 2001. Nemendur voru áður í Korpuskóla.

##### 4.1.8.2 Staðan árið 2002


Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 180 þann 1. okt. 2002 í 1.- 9. bekk. Þeim fer ört fjölgandi og 10. bekkur mun bætast við á næsta ári. Bekkjadeildir eru nú 12. Almennar kennslustofur eru 17. Skólinn er 3.950 m<sup>2</sup> án íþróttarýmis. Unnið er að lokafrágangi við byggingu skólans og áætlað að henni ljúki á þessu ári.

##### 4.1.8.3 Spá um nemendafjölda

Víkurskóli tók til starfa árið 2001 og er áætlaður fyrir 1.-10. bekk. Árið 2001 voru 135 nemendur í skólanum og voru þeir í 1.-8. bekk. Í nemendaspá til næstu 10 ára er gert ráð fyrir að nemendum fjölgi smám saman og 2011 verði þeir um 317 (tafla 33).

Þegar hverfið er komið í jafnvægi er gert ráð fyrir að nemendur verði á bilinu 140 til 172.

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli barna í nýjum íbúðum sem búið er að skipuleggja og íbúðum sem fyrir eru í hverfinu eða 0,41 per íbúð.




**Mynd 65.** Nemendafjöldi í Vikurskóla á árunum 2001-2002 og nemendaspá til 2011.

**Tafla 33.** Spá um nemendafjölda í Vikurskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002-2003	Fjöldi 2003-2004	Fjöldi 2004-2005	Fjöldi 2005-2006	Fjöldi 2006-2007	Fjöldi 2011-2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærra mörk	Meðalfjöldi <sup>17</sup>
174	196	217	224	249	229	140	172	156

Í skólahverfinu eru 1.083 íbúar í 333 íbúðum, 11,4% íbúða eru sérbyli og 88,6% eru fjölbyli. Það eru að meðaltali 3,25 íbúar á íbúð og 13,4% íbúa eru börn á skólaaldri (mynd 66).

<sup>17</sup> Miðað er við 504 íbúðir.



Mynd 66. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Víkurskóla.

#### 4.1.8.4 Mat á húsnæðisþörf

Nemendum mun fjölga við skólann á næstu árum, en tekur að fækka eftir 2008 samkvæmt nemendaspá. Spáin um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 156 nemendum við skólann miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Húsnæði skólans fullnægir rýmisþörf skólans miðað við þann fjölda. Mjög rúmt verður þá um skólastarfið þegar hverfið verður í jafnvægi.

#### 4.1.8.5 Framtíðarsýn

Húsrými skólans verður fullnægjandi þegar byggingu verður lokið. Þegar hverfið verður komið í jafnvægi verður hins vegar mjög rúmt um skólastarfið.

## 4.2 Kjalarneshverfi

### 4.2.1 Klébergsskóli

<b>Fjöldi nemenda 1. okt. 2002</b>	<b>159 nem</b>
<b>Árgangar</b>	<b>1.-10. bekkur</b>

#### Stærðir í dag:

<b>Heildarstærð lóðar</b>	<b>17.100 m<sup>2</sup></b>
<b>Stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>2.663 m<sup>2</sup> <sup>1)</sup></b>
<b>Lausar stofur á lóð eru 3</b>	<b>185 m<sup>2</sup></b>
<b>Nýting húsnæðis</b>	<b>ath m<sup>2</sup>/ nem <sup>1)</sup></b>

#### Áætlaðar stærðir eftir stækkun:

<b>Áætlaður meðalnemendafjöldi hverfis í jafnv.</b>	<b>180 nem</b>
<b>Áætluð viðbóttarrýmisþörf</b>	<b>engin</b>
<b>Áætluð stærð skólahúss án íþróttarýmis</b>	<b>óbreytt</b>
<b>Áætluð nýting húsnæðis</b>	<b>14.8 m<sup>2</sup>/nem</b>

#### 4.2.1.1 Staðan árið 1996

Ekki var fjallað um Klébergsskóla í áfangaskýrslu frá 1996 vegna þess að byggðin á Kjalarnesi var þá ekki hluti af Reykjavík. Eftir sameiningu sveitarfélaganna var haldin samkeppni um stækkun Klébergsskóla í samræmi við forsögn, sem gerð var á vegum borgaryfirvalda. Framkvæmdir við viðbyggingu hófust árið 2000.


#### 4.2.1.2 Staðan árið 2002

Skólinn er einsetinn. Nemendur eru 159 þann 1. okt. 2002. Bekkjadeildir eru 11. Stærð skólahúss án íþróttarýmis verður um 2.663 m<sup>2</sup> að viðbyggingu lokinni. Almennar kennslustofur eru 10. Tónlistarskóli Kjalarness er til húsa í skólanum og verður þar áfram. Unnið er að lokafrágangi um 1.488 m<sup>2</sup> viðbyggingar við skólann, sem mun ásamt innri breytingum gjörbreyta húsnæðismálum Klébergsskóla til hins betra.

#### 4.2.1.3 Spá um nemendafjölda

Klébergsskóli tók til starfa árið 1929. Fyrstu árin var nemendafjöldi á bilinu 20 til 30 en upp úr 1970 tók nemendum smám saman að fjölga og árið 2001 voru nemendur 143 (mynd 67). Í nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum haldi áfram að fjölga og árið 2011 verði nemendur um 219 (tafla 34).

Að grunni til byggir spáin á fjölda barna með lögheimili í skólahverfinu í október 2001 og því hversu hátt hlutfall barna með lögheimili í skólahverfinu hefur skilað sér í skólann að jafnaði síðustu fimm ár.



**Mynd 67.** Nemendafjöldi í Klébergsskóla á árunum 1929-2001<sup>18</sup> og spá til 2012.

Gert er ráð fyrir 50 íbúðum á næstu 5 árum, 10 á ári og 60 íbúðum árið 2012.


**Tafla 34.** Spá um nemendafjölda í Klébergsskóla 2002-2012 og fyrir hverfið í jafnvægi.

Nemendaspá						Hverfi í jafnvægi		
Fjöldi 2002- 2003	Fjöldi 2003- 2004	Fjöldi 2004- 2005	Fjöldi 2005- 2006	Fjöldi 2006- 2007	Fjöldi 2011- 2012	Áætlun lægri mörk	Áætlun hærri mörk	Meðal- fjöldi <sup>19</sup>
153	160	168	177	182	219	162	198	180

<sup>18</sup> Ekki hafa fundist upplýsingar um nemendafjölda frá þeim árum sem vantar á mynd 40.

<sup>19</sup> Miðað er við að íbúðum fjölgi um 60 frá því sem er í dag.

Í skólahverfinu eru 744 íbúar í 230 íbúðum. Það eru að meðaltali 3,2 íbúar á íbúð og 18,1% íbúa eru börn á skólaaldri (0,62 per íbúð) (mynd 68).



Mynd 68. Aldursdreifing íbúa í skólahverfi Klébergsskóla.

#### 4.2.1.4 Mat á húsnæðisþörf

Gert er ráð fyrir að nemendum við Klébergsskóla fari fjölgandi. Spá um meðalnemendafjölda gerir ráð fyrir um 180 nemendum við skólann miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Viðbygging og innri breytingar við Klébergsskóla gera ráð fyrir að skólinn verði að meðaltali einnar hliðstæðu grunnskóli með um 200–220 nemendum.

#### 4.2.1.5 Framtíðarsýn

Viðbygging og innri breytingar Klébergsskóla leysa húsnæðisþörfina þegar hverfið er í jafnvægi og rúmt verðu um skólastarfið.

## 5 Sérskólar

### 5.1 Sérskólar

- 5.1.2 Safamýrarskóli
- 5.1.3 Einholtsskóli
- 5.1.4 Öskjuhlíðarskóli
- 5.1.5 Dalbrautarskóli
- 5.1.6 Hlíðahúsaskóli



Uppdráttur sem sýnir staðsetningu sérskóla

## 5.1 Sérskólar

### 5.1.1 Um stöðugreiningu á húsnæði sérskóla

Unnið er að athugun á húsnæðistöðu sérskóla í Reykjavík fyrir fatlaða nemendur og nemendur með geðrænan og félagslega vanda. Það eru Safamýrarskóli, Einholtsskóli, Öskjuhlíðarskóli, Dalbrautarskóli og Hlíðahúsaskóli. Gert er ráð fyrir að Safamýrarskóli og Öskjuhlíðaskóli verði sameinaðir (sjá stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá 2001). Athugunin tekur til úttektar á skólunum miðað við þau viðmið, sem við eiga í hverjum þeirra. Gert er grein fyrir núverandi nemendafjölda og núverandi húsnæðisaðstaða er tekin út. Þá er áætlað hver húsnæðisþörfin verði miðað við áætlaðan nemendafjölda. Í þessari skýrslu er gert lauslega grein fyrir verkefninu, sem síðar kemur út sem sérskýrsla.

### 5.1.2 Safamýrarskóli, skóli fyrir mikið þroskahömluð og fjölfötluð börn, grunnskólastig.

Skólinn er einsetinn og flest börn dveljast í skólanum allan daginn. Skóladagvist er í kennslustofum. Nokkur börn eru í skóladagvist á barnaheimilinu Lyngási, samtengdri byggingu. Nemendur eru 31 af öllu höfuðborgarsvæðinu. Fjöldinn er óbreyttur frá árinu 1996. Skólinn sinnti áður forskólabörnum og börnum á framhaldsskólaaldri auk grunnskólaaldurs. Enn eru nokkur börn í skólanum á framhaldsskólaaldri. Húsnæðið er of lítið og þarfnast endurskoðunar.

### 5.1.3 Einholtsskóli, skóli fyrir börn í miklum félagslegum erfiðleikum, unglíngastig

Skólinn hefur frá upphafi verið einsetinn. Litlar breytingar hafa verið gerðar frá því Reykjavíkurborg tók við rekstri skólans. Nemendur eru 15-17. Þeir eru í skólanum frá kl. 8.00 til kl. 13 eða 14.30. Skólinn þjónar nú Reykjavík eingöngu. Kennarar sinna einnig flestir kennslu á meðferðarheimilinu Stuðlum. Húsnæðið er of lítið og að mörgu leyti óhentugt fyrir starfsemi skólans og þann nemendafjölda sem þar stundar nám. Það þarfnast endurskoðunar.

### 5.1.4 Öskjuhlíðarskóli, skóli fyrir þroskahömluð - og fjölfötluð börn, grunnskólastig

Eftir að sveitarfélög tóku við rekstri grunnskólanna eru þar færri nemendur utan Reykjavíkur. Í dag koma flest börnin af höfuðborgarsvæðinu, þar af eru um 65% úr Reykjavík. Áður komu 15-20% barnanna utan höfuðborgarsvæðisins. Skólinn var einsetinn að fullu 1995. Fyrir einsetningu voru í skólanum um 130 nemendur, um 60-65 börn í einu. Skipulag skólans og hönnun miðar við þetta. Nú eru um 90-95 börn í skólanum samtímis. Það hefur því verulega þrennt að. Þetta kallar einnig á aukið

rými, bæði vegna hjálpartækja barnanna og herra hlutfalls starfsfólks. Húsnæðið þarfnast endurskoðunar.

### **5.1.5 Dalbrautarskóli, sjúkrahúskennsla fyrir börn á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala, grunnskólastig**

Skólinn sinnir sjúkrahúskennslu fyrir nemendur sem hafa verið lagðir inn á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss til greiningar. Börnin eru því tímabundið í skólanum. Með tilkomu nýrra grunnskólalaga frá 1995 er stefnt að því að sem flestir nemendur fari í almenna grunnskóla eins fljótt og auðið er, eftir að greiningu lýkur. Dalbrautarskóli er starfræktur í þremur byggingum sem ekki eru á samþykktu deiliskipulagi. Byggingar eru einingahús úr timbri (færanlegar kennslustofur). Húsnæði skólans er upphaflega hannað miðað við einhverf börn og var á sínum tíma (fyrir um 20 árum) hugsað sem bráðabirgðahúsnæði. Skólinn þjónar börnum á grunnskólaaldri af öllu landinu, um 35% eru af landsbyggðinni og 65% af höfuðborgarsvæðinu. Nemendur fá um 18-20 tíma kennslu á viku í smærri hópum, algengast er 1-4 í hóp, en mest 5-6. Húsnæði er ófullnægjandi og þjónar illa þeirri starfsemi sem þar fer fram. Að kröfu vinnueftirlits var eldhús gert að aðstöðu einungis fyrir starfsmenn og heimilisfræðikennsla flutt í Laugalækjarskóla. Húsnæði Dalbrautarskóla þarfnast endurskoðunar.

### **5.1.6 Hlíðahúsaskóli, skóli fyrir börn með félagslega erfiðleika og geðraskanir, unglिंगastig 10-16 ára**

Skólinn var stofnaður haustið 2001. Nemendur eru um 10 á aldrinum 10-16 ára. Húsnæði býður ekki upp á fjölgun nemenda. Í húsnæði skólans fer fram kennsla í bóklegum greinum, notkun tölvu og myndlist. Einnig er notast við ýmsa aðstöðu í næsta húsi við skólann, sem áður var fyrir Vesturhlíðarskóla, s.s smíði og matreiðslu. Í því húsnæði er nú tímabundið kennsla og skóladagvist Hlíðaskóla. Hlíðahúsaskóli hefur leigt aðstöðu fyrir íþróttir hjá Valsheimilinu og Planet Pulse en gerir það ekki nú. Ókostir við húsnæði skólans er að rými eru afar illa hljóðeinangruð. Skólinn er afar vel staðsettur við útivistarsvæði og möguleikar vegna þess vel nýttir í starfsemi skólans. Húsnæði skólans er nægilega stórt fyrir þann nemendafjölda sem þar er þó aðstaða að ýmsu leyti mætti vera betri eins og fram hefur komið. Húsnæði skólans þarfnast endurskoðunar.

## 6 Eftirmáli

Í skýrslu þessari er fjallað um stöðu almennra grunnskóla í Reykjavík frá 1996 til 2002 og settar fram niðurstöður um líklega þróun á húsnæðisþörf hvers skóla miðað við að viðkomandi skólahverfi verði í jafnvægi. Litið er á niðurstöðurnar sem grunn að nánari greiningu og forsögn fyrir hvern skóla. Bent er á að áætluð rýmisþörf og / eða stærð skólahúss getur breyst við nánari athugun, allt eftir mismunandi valkostum, kostnaði og forgangsroðun. Einnig getur áætlaður fjöldi íbúða í hverfum borgarinnar breyst og hefur það áhrif á niðurstöðurnar. Starfsemi grunnskóla er í stöðugri mótun hvað rýmisþörf og kennsluhætti varðar. Hönnun Ingunnarskóla er byggð á nýrri hugsun og forsendum um kennsluhætti og innra fyrirkomulag í grunnskóla. Einnig er ljóst að spár um nemendafjölda ganga ekki alltaf eftir, án þess að sjáanlegar skýringar liggi fyrir. Þessi atriði ásamt mikilli framþróun í skólastarfinu eru lykilþættir við mat á húsnæðismálum grunnskólanna til framtíðar.

Í skýrslunni er einnig greint frá úttekt sem hafin er á húsnæðisaðstöðu í sérskólum borgarinnar. Verkefnið verður síðar gefið út sem sérstök skýrsla.

## 7 Heimildaskrá

Anna Kr. Sigurðardóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Júlíus Sigurbjörnsson, Gerður G. Óskarsdóttir (2001). *Áherslur fræðsluráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um grunnskólabyggingar*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Arkís (1999). *Fimm ára áætlun vegna einsetningar grunnskóla Reykjavíkur. Endurskoðun mars 1999*. Reykjavík. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, byggingardeild.

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, byggingardeild [1994 – 2002]. *Kynningarblöð [um skólabyggingar]*. Reykjavík. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, byggingardeild.

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, byggingardeild (1997). *Fimm ára áætlun um einsetningu grunnskóla Reykjavíkur*. Reykjavík. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, byggingardeild.

Egill Guðmundsson og Gunnar Torfason (1996). *Grunnskólar Reykjavíkur, áfangaskýrsla, janúar 1996*. Reykjavík. Byggingardeild borgarverkfræðings.

Arkís ehf. (2002). *Grunnskólar Reykjavíkur, rýmisathugun*. Reykjavík. Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Vinnuhópur um skóla í Staðahverfi í Reykjavík (í prentun). *Leik- og grunnskóli í Staðahverfi. Hugmyndir og tillögur um áherslur í skólastarfi og hönnun byggingar*. Reykjavík. Umhverfis- og tæknisvið, Fasteignastofa, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Leikskólar Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (1998). *Mötuneytiseldhús fyrir skólamáltíðir nemenda í grunnskólum Reykjavíkur*. Þarfagreining og tillögur. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur [1999]. *Reykjavíkurskólar. Framtíðarskólinn*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2000). *Hvað má höndin ein og ein? Allir leggi saman! Markmið Reykjavíkurborgar um málefni grunnskóla 2000–2003*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2001). *Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2000*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2002). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2002*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.) (1999). „Leitin að fjórða veggnum“. Hönnun skólabygginga. Kynnisferð byggingar- og skólamanna frá Reykjavíkurborg til Minnesóta 3.–8. nóvember 1999. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og byggingardeild borgarverkfræðings.

Gerður G. Óskarsdóttir (2001). *Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design Down Process*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2002). *Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur (drög 13. mars 2002)*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

KKE Architects (2001). *The Design Down Process. Summary and program report for nýr grunnskóli í Grafarholti, Reykjavík, Iceland*. Minneapolis, Min. KKE Architects.

Lög um grunnskóla, nr. 66/1995.

Menntamálaráðuneytið (1991). *Til nýrrar aldar, framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000*. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Starfshópur um 6–7 klst. vinnudag grunnskólanemenda (1997). *Vinnudagur grunnskólanemenda eftir einsetningu og lengdan skóladag. Hugmyndir og tillögur*. Reykjavík: Fræðsluráð Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Menntamálaráðuneytið (útgefandi) *Reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla, nr. 519/1996*.

Reykjavíkurborg 2001-2002. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024*, Reykjavíkurborg.